# FRÉTTABLAÐIÐ

125. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 29. MAÍ 2018




Fjöldi fólks kom saman á slökunarstund Gong North á ylströndinni í Nauthólsvík í gær. Á svæðinu voru margir gongspilarar sem stilltu sig saman í hjarta og vitund til að skapa heillandi hljómfall fyrir gesti. Í dag er fullt tungl svo gestir viðburðarins voru í orkubliki fulla tunglsins sem leiðir af sér meðbyr til að kyrra hugann fyrir dýpri innri frið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gætu þurft að fórna borgarstjórastólnum

**Viðreisn er í bílstjórasætinu við myndun meirihluta í borginni. Ekkert hefur verið um formlega fundi milli flokkanna. Stjórnmálafræðiprófessor telur líklegast að Viðreisn líti til síðasta meirihluta og að ráðning borgarstjóra geti verið lausn í meirihlutamynduninni.**

**KOSNINGAR** Oddvitar flokkanna sem sæti eiga í borgarstjórn héldu áfram að heyra hverjir í öðrum í gær og kanna möguleika á meirihlutasamstarfi. Ljóst er að fulltrúar Viðreisnar eru í ákveðinni oddastöðu og mun niðurstaðan líklegast velta á þeim.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

„Þessi dagur er bara búinn að fara í að heyra í fólki og hitta fólk. Bæði til hægri og vinstri,“ segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar í borginni, um atburði dagsins. „Við höfum alveg verið opin með það að báðar leiðir eru færar, það eru málefnin sem tala,“ segir hún aðspurð um hvort líklegra sé að flokkurinn lendi vinstra eða hægra megin í nýjum meirihluta.

„Maður hefur ekki fengið neinar upplýsingar sem gefa til kynna hvað verður. Manni virðist samt vera að mörgu leyti meiri samhljómur milli Viðreisnar og þess sem síðasti meirihluti hefur verið að setja framarlega,“ segir Grétar Þór Eyþórsson stjórnmálafræðiprófessor um stöðuna og nefnir hann samgöngumál og þéttingu byggðar sem dæmi um þau mál sem flokkarnir virðast sammála um og gætu ráðið úrslitum við myndun meirihlutans.



Grétar Þór Eyþórsson, stjónrmálafræðiprófessor

Grétar Þór telur að ráðning borgarstjóra gæti verið lausn á myndun meirihluta þrátt fyrir að lítil hefð sé fyrir því í borgarstjórn. „Ef menn ætla virkilega að koma stefnumálum sínum áfram gæti verið að það verði fundin lausn á því þannig að það verði ráðinn borgarstjóri,“ segir Grétar sem telur ólíklegt að persónur setji sig ofar málefnunum.

„Ég held að bæði Dagur og Eyþór muni auðvitað á endanum verða opnir fyrir slíkum lausnum ef til kemur,“ segir Grétar Þór að lokum.

Á blaðsíðu 4 má finna nánari umfjöllun um meirihlutamyndanir og þreifingar í stærri sveitarfélögum landsins. – gþs / sjá síðu 4

## Skanna tvær milljónir mynda

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið NordicVisiual vinnur að því að skanna samtals um tvær milljónir mynda sem eru í eigu breska fjölmiðilsins The Telegraph.

Arnaldur G. Johnson framkvæmdastjóri segir sérstöðu fyrirtækisins liggja í kerfinu og ferlunum sem það hefur byggt upp og gerir þeim kleift að skanna þrjú þúsund myndir á dag.

Myndefnið er ansi fjölbreytt að sögn Arnaldar: „Allt frá Rolling Stones og kóngafólki til stríðsátaka og allt þar á milli.“ – gþs, gj / sjá síðu 2



Arnaldur G. Johnson, hjá NordicVisiual

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Orri Hauksson skrifar um vannýttar fjárfestingar. 8

**SPORT** Sara Björk Gunnarsdóttir verður ekki með gegn Slóveníu vegna meiðsla. 10

**MENNING** Sinfóníuhljómsveit, einleikari og stjórnandi í banastuði. 16

**LÍFIÐ** Lifandi listaverk í Hörpu. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík. 22




PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● VINNUVÉLAR OG VÖRUBÍLAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**18** DAGAR í HM

HÖRÐUR BJÖRGVIN MAGNÚSSON




Safnaðu öllum leikmönnunum





markhönnun ehf

netto

16 VERSLANIR UM LAND ALLT

netto 24

Opið 24 tíma í Nettó Mjódd og Granda

MJÓDD | SALAVEGUR | BÚÐAKÓR | GRANDI | HAFNARFJÖRÐUR
HRÍSALUNDUR | GLERÁRTORG | HÚSAVÍK | HÖFN IÐAVELLIR | GRINDAVÍK
KROSSMÓI | BORGARNES | ÍSAFJÖRÐUR | EGILSSTAÐIR | SELFOSS

## Veður




Suðaustan 10-18 í dag, skýjað og rigning eða súld við suður- og vesturströndina, en hægari sunnanátt og bjartviðri norðaustan- og austanlands. SJÁ SÍÐU 14

# Oftast strikað yfir Eyþór

**KOSNINGAR** 530 kjósendur Sjálfstæðisflokksins í nýafstöðnum borgarstjórnarkosningum strikuðu yfir oddvita flokksins Eyþór Arnalds. Samkvæmt upplýsingum frá Evu B. Helgadóttur, formanni yfirkjörstjórnar, fékk Sjálfstæðisflokkurinn 18.146 atkvæði. 701 breytti atkvæði sínu eitthvað, eða 3,9 prósent.

Samfylkingin fékk 15.260 atkvæði en af þeim var 426 eitthvað breytt eða 2,8 prósentum. Þar af voru 70 sem strikuðu yfir borgarstjórann Dag B. Eggertsson.

Viðreisn fékk 4.812 atkvæði en af þeim voru 134 sem breyttu atkvæði sínu, eða 2,8 prósent. 83 strikuðu yfir Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur í fyrsta sætinu.

Yfirstrikanir hjá öðrum flokkum voru minniháttar. Sósíalistaflokkur Íslands fékk 3.758 atkvæði en 17 breytingar voru gerðar með útstrikunum eða 0,45 prósent. Enginn strikaði yfir oddvitann Sönnu Magdalenu Mörtudóttur.

Kjósendur Miðflokksins virðast hafa verið nokkuð sáttir við oddvitann Vigdísi Hauksdóttur. Flokkurinn fékk 3.615 atkvæði en af þeim var 55 breytt, eða 1,5 prósentum. Af þeim strikuðu aðeins fjórir yfir Vigdísi.

Píratar fengu 4.556 atkvæði, en þar af var 58 breytt, eða 1,3 prósentum. Fjórir strikuðu yfir Dóru Björt Guðjónsdóttur, oddvita flokksins.

Vinstri græn fengu 2.700 atkvæði, þar af var 31 breytt, eða 1,1 prósenti. Sautján strikuðu yfir Líf Magneudóttur, oddvita listans.

Í engu tilfella nægðu útstrikanir til að breytingar yrðu á röð borgarfulltrúa. – smj



**Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.**

# Fjölmenni í sósíalistakaffi



**Það var húsfyllir á skrifstofu Sósíalistaflokks Íslands í gær. Sanna Magdalena, nýr borgarfulltrúi flokksins, bauð öllum sósíalistum til samtals yfir kaffibolla um kosningarnar og það sem koma skal hjá flokknum í borginni. „Við vildum ræða það hvað ég sem kjörinn fulltrúi get gert fyrir þá hópa sem þurfa að koma að ákvarðanatöku. Þetta eru leigjendur, innflytjendur, öryrkjar og fleiri. Það er sósíalísk bylgja að eiga sér stað hér.“** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Nýstúdentar með nýlendu í Mexíkó

**SAMFÉLAG** Nýstúdentar fimm framhaldsskóla fagna útskrift sinni í sama strandbænum í Mexíkó. Það verður því sannkölluð Íslendinganýlenda í Playa Del Carmen næstu vikurnar.

Skólarnir sem um ræðir eru Kvennaskólinn sem lagði upp á laugardag, Verslunarskólinn sem fór í gær, Fjölbrautaskóli Suðurlands og Menntaskólinn að Laugarvatni sem fara á morgun og Flensborgarskólinn sem fer næsta laugardag.

Samkvæmt upplýsingum frá ferðaskrifstofunni Trans-Atlantic verða allir hóparnir samtímis í nokkra daga í Playa Del Carmen, samtals um 500 manns. Er það meira fjölmenni frá Íslandi á þessum stað en nokkru sinni fyrr í einu lagi. – gar

# Skanna tvær milljónir mynda The Telegraph

**Íslenska fyrirtækið NordicVisual tók á dögunum við myndabanka breska fjölmiðilsins The Telegraph en í safninu eru um tvær milljónir mynda. Fyrirtækið er annar stærsti myndasöluaðilinn á gamaldags myndum í netverslun eBay.**

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið NordicVisual hefur samið við breska fjölmiðilinn The Telegraph um að skanna og flokka myndasafn hans og færa á rafrænt form.

„Þetta eru myndir sem hafa ekki verið aðgengilegar almenningi í yfir 100 ár. Þetta eru gamlar, svarthvítar myndir með handskrifuðum punktum blaðamanna og stimplum frá dagblöðunum aftan á. Við skönnum þær inn og flokkum fyrir The Telegraph, sem er mjög tímafrekt og dýrt. Svo fá þeir safnið á rafrænu formi en við seljum upprunalega eintakið á netinu til safnara og gallería, auk fyrirtækja og einstaklinga sem vilja eiga þær og til dæmis setja upp á vegg eða eru að safna ákveðnu viðfangsefni,“ segir Arnaldur G. Johnson, framkvæmdastjóri NordicVisual og einn af stofnendum.

Arnaldur segir að það sé gríðarlega kostnaðarsamt að skanna inn myndasöfn, fjölmiðlar hafi þurft að skera mikið niður í þeim efnum og vera stafrænni.

„Við bjóðum þessum myndasöfnum upp á að skanna inn og flokka allt myndasafnið gegn því að við eignumst í staðinn pappírseintökin sjálf og seljum þau svo. Þannig geta dagblöðin komið myndasafninu sínu á stafrænt form án útlagðs kostnaðar. Við fáum svo okkar tekjur með því að selja pappírseintökin.“

Gert er ráð fyrir að aðgerðin fyrir The Telegraph taki um tvö til þrjú ár.

„Sérstaða okkar er kerfið og ferlarnir sem við höfum byggt upp og það er lykillinn að þessu. Við notum okkar eigin kerfi sem við höfum þróað sem notar meðal annars gervigreind ásamt okkar reynslu við umsýslu mynda til að lágmarka tíma við hvert og eitt skref í ferlinu. Við náum þannig að skanna inn og flokka um þrjú þúsund myndir á dag, í því felst að skanna bæði fram- og bakhlið á hverri mynd, flokka hana, skrifa lýsingartexta, stað, dagsetningu og leitarorð og setja svo í sölu á eBay, Amazon og okkar eigin vef, Imsvintagephotos.com. Kerfið okkar er beintengt við eBay og Amazon,“ segir Arnaldur.

„Meðalverð á mynd er ekki hátt og því skiptir miklu máli að hafa mikið magn enda eru efnistökin svo svakalega fjölbreytt að því meira sem við setjum í sölu, því fleiri og fjölbreyttari viðskiptavina náum við til. Myndefnið í svona myndasöfnum nær allt frá árinu 1910 til dagsins í dag, allt frá Rolling Stones og kóngafólki til stríðsátaka og alls þar á milli sem fjallað hefur verið um í dagblöðum síðustu 100 árin eða frá upphafi 20. aldarinnar. Við erum eingöngu að skanna og vinna erlend myndasöfn og seljum bara erlendis.“

NordicVisual er angi af NordicPhotos, sem var stofnað árið 2000 og hefur farið ört vaxandi síðan. Auk myndasafns The Telegraph hefur fyrirtækið til umráða tvö önnur bresk myndasöfn og eitt stærsta myndasafn Svíþjóðar einnig. **gunnthorunn@frettabladid.is**



**Myndasafnið frá The Telegraph fyllti heilan 40 feta gám. Á skrifstofunni hjá Arnaldi og félögum er allt morandi í myndum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Jóhann Ólafsson & Co
Rafvirkjar
Kerfisloftalampar

Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is
LEDVANCE OSRAM


POKASJÓÐUR
TÖKUM UPP
FJÖLNOTA

# Engin uppgjöf í verðstríði þrátt fyrir sex króna hækkun

**NEYTENDUR** „Við erum ekkert að fara að hætta í þessari baráttu. Við erum í þessu af fullri alvöru,“ segir Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu. Verð á eldsneytislítranum hefur hækkað um sex krónur frá mánaðamótum þegar félagið hóf verðstríð við Costco og boðaði lægsta eldsneytisverð á Íslandi á stöð sinni í Kaplakrika í Hafnarfirði. Eldsneytisverð hefur almennt hækkað tölvuvert á undanförnum vikum hjá öllum félögum og Guðrún Ragna segir þar heimsmarkaðsverði á olíu helst um að kenna.

Fréttablaðið greindi fyrst frá því að Atlantsolía ætlaði að veita nágrönnum sínum í Costco samkeppni með lægra verði á stöð sinni í Kaplakrika þann 1. maí.

Þá keyrði félagið lítraverðið á bensíni úr 211,9 krónum niður í 189,9 krónur, eða um 22 krónur, og annað eins á dísillítranum. Síðan þá hefur hin síbreytilegi og óútreiknanlegi olíumarkaður úti í hinum stóra heimi sett strik í reikninginn.

Lítraverðið á bensíni er nú komið í 195,9 krónur og hefur því hækkað um sex krónur líkt og dísillítrinn, sem í gær var kominn í 188,9 krónur. Í gær, líkt og í upphafi mánaðar, munar nú einni krónu á eldsneytislítranum hjá Atlantsolíu og Costco, þar sem Costco hefur betur. Atlantsolía hefur hins vegar bent á að stöðin í Kaplakrika er öllum opin og ekki krafist aðildarkorts eða gjalda líkt og hjá Costco.


**Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu.**

Þrátt fyrir að Atlantsolía hafi ákveðið að taka slaginn við Costco í Kaplakrika virðast önnur olíufélög hafa setið á sér. Atlantsolía í Kaplakrika og Costco í Kauptúni bjóða enn langlægsta lítraverðið á eldsneyti, svo munar allt að 20-30 krónum á lítranum miðað við algengt verð á öðrum stöðvum. **– smj**

# Vilja mynda nýjan meirihluta fyrir helgi

**Viðræður um meirihlutamyndun fara misjafnlega vel af stað. Oddviti Framsóknar og óháðra í Árborg segir möguleika á að klára myndun þriggja flokka meirihluta fyrir helgi. Skiptar skoðanir eru á meðal Sjálfstæðismanna á samstarfi við BF/Viðreisn í Kópavogi.**

**KOSNINGAR** Viðræður um meirihluta eru víða að komast á góðan skrið. Í Mosfellsbæ hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og VG ákveðið að hefja viðræður um endurnýjun meirihlutasamstarfs. Flokkarnir voru áður í meirihluta með samtals sex af níu fulltrúum en eru nú með fimm af níu, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn tapaði einum manni.

„Það er ekki gott að segja hversu langan tíma þær munu taka. En við reynum að flýta því eftir föngum,“ segir Bjarki Bjarnason, oddviti VG í Mosfellsbæ.

Oddvitar Sjálfstæðisflokksins og BF/Viðreisnar í Kópavogi höfðu sagt við Fréttablaðið að ef nægjanlegt fylgi fengist í kosningunum til þess að halda meirihlutasamstarfinu áfram væri eðlilegt að kanna þann möguleika. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er oddvita framboðsins, Ármanni Kr. Ólafssyni, þar vandi á höndum því ekki er eining á meðal bæjarfulltrúanna um hvort Theodóra S. Þorsteinsdóttir, oddviti BF/Viðreisnar, sé álitlegasti samstarfsaðilinn. Hvorki Ármann né Theodóra svöruðu símtölum Fréttablaðsins í gær.

Staðan í Hafnarfirði breyttist verulega í kosningunum enda bauð Björt framtíð, sem var í meirihlutasamstarfi með Sjálfstæðisflokknum, ekki fram lista. Sjálfstæðisflokkurinn er með fimm kjörna bæjarfulltrúa af ellefu. „Það er ekkert að frétta,“ segir Rósa. Nú fari tíminn í að kynnast fólki úr öðrum framboðum óformlega.

Meirihlutaviðræðum í Árborg miðar vel að sögn Helga Sigurðar Haraldssonar, oddvita Framsóknar og óháðra. Framsókn ræðir meirihlutasamstarf við Samfylkinguna, Miðflokkinn og Áfram Árborg eftir að Sjálfstæðisflokkurinn missti meirihluta sinn um helgina. „Við erum bara að tala um það sem menn lögðu áherslur á fyrir kosningar. Slípa það til þannig að menn séu sammála um það næstu fjögur árin,“ segir Helgi Sigurður. Hann segir að ef ekkert óvænt komi upp á sé hægt að vænta þess að nýr meirihluti líti dagsins ljós fyrir helgi.


Um allt land er verið að mynda nýja meirihluta. Ferlið er misjafnlega flókið eftir sveitarfélögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við erum bara að tala um það sem menn lögðu áherslur á fyrir kosningar. Slípa það til þannig að menn séu sammála um það næstu fjögur árin.**
>
> Helgi Sigurður Haraldsson, oddviti Framsóknar og óháðra



Á Ísafirði var hreinn meirihluti Í-listans felldur. Daníel Jakobsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir að flokkurinn horfi helst til samstarfs við Framsóknarflokkinn en útiloki þó ekki samstarf við Í-listann. Hann túlkar niðurstöður kosninga þannig að kjósendur hafi verið að hafna stjórn Ísafjarðarlistans. Daníel segir að brýnustu verkefnin séu að standa vörð um hagsmuni bæjarins gagnvart ríkinu og öðrum í brýnum verkefnum. „Í öðru lagi held ég að fólk vilji meiri stefnufestu. Það hefur verið slegið úr og í með ýmis verkefni hérna í bænum,“ segir Daníel og nefnir þar verkefni eins og byggingu sundlaugar og fjölnota íþróttahúss, sem Í-listinn hafi lengi verið á móti en hafi síðan allt í einu verið orðinn hlynntur.

„Í þriðja lagi að ná góðri samstöðu í bæjarstjórn. Fólk er orðið þreytt á karpi,“ segir Daníel og tekur jafnframt fram að stefnuskrár framboðanna hafi ekki verið ólíkar. „Þetta er meira svona blæbrigðamunur.“ **jonhakon@frettabladid.is**

## Á döfinni

Ný sýn hlaut hreinan meirihluta í Vesturbyggð og tekur við stjórnartaumunum af Sjálfstæðisflokknum. Þannig er ljóst að nýr bæjarstjóri mun taka við af Ásthildi Sturludóttur. Iða Marsibil Sæmundsdóttir, oddviti Nýrrar sýnar, segir að starf bæjarstjórans verði auglýst.

Eyjalistinn í Vestmannaeyjum hitti bæði fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og nýja framboðsins, Fyrir Heimaey, í gær. Eyjalistinn er í ákveðinni oddastöðu þar sem hin framboðin fengu þrjá menn kjörna hvort en Eyjalistinn einn mann.

Fulltrúar L-listans, Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar á Akureyri eru þegar byrjaðir að funda um nýjan meirihluta. Hilda Jana Gísladóttir, oddviti Samfylkingarinnar, segir að flokkarnir finni samhljóm sín á milli.

Í Garðabæ náði Sjálfstæðisflokkurinn hreinum meirihluta og bætti við sig einum manni þrátt fyrir að hafa fengið sameinað framboð Garðabæjarlistans á móti sér. Gunnar Einarsson verður áfram bæjarstjóri.

Í Borgarbyggð hafa Samfylking, VG og Sjálfstæðismenn handsalað samkomulag um að ráðast í meirihlutaviðræður. Sjálfstæðismenn fengu tvo fulltrúa í kosningunum, VG tvo og Samfylking einn, en Framsóknarflokkurinn fékk fjóra fulltrúa.

Samfylking og Framsókn stefna á meirihluta á Akranesi. Óskað verður eftir því að Sævar Freyr Þráinsson verði áfram bæjarstjóri. Sjálfstæðisflokkurinn og Björt framtíð voru í meirihlutasamstarfi fyrir kosningar, en meirihlutinn féll.




# Vandaðir garðtraktorar



Cub Cadet sláttutraktorarnir eru afar vandaðir og vel útbúnir sláttutraktorar sem mæta þörfum og kröfum vandlátra garðeiganda og annarra sláttumanna.

Cub Cadet sláttutraktorarnir eru öflugir og afkastamiklir og auðveldir í notkun.

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

# Ísí að skipta

## Það tekur bara 10 mínútur að koma yfir til Nova



Nýtt símkort á 0 kr.

Nýtt hjá Nova:
4,5G & VoLTE

Ánægðustu viðskiptavinir
í farsímaþjónustu, 9 ár í röð

Hraðasta farsímanetið

Vinsælu 2fyrir1 tilboðin
eru í Nova appinu

Símtöl og SMS á 0 kr. í alla á Íslandi
og þegar þú ert í Evrópu (EES)
0 kr. í frelsi fylgir netpökkum í áskrift




**Nýtt símkort á 0 kr.**

Það kostar ekkert að flytja númerið til Nova.
Velkomin á stærsta skemmtistað í heimi!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Brandenburg / SÍA

# ÚRVAL AF GLÆSILEGUM NOTUÐUM BÍLUM




**NISSAN** Nýskr. 05/17
X-Trail Tekna 4wd
Ekinn 6 þ.km, dísil, sjálfskiptur

VERÐ: **5.890 þús. kr.**
Rnr. 144561



## ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS



**HYUNDAI** Nýskr. 05/16
Tucson Style
Ekinn 18 þ.km
Bensín
Sjálfskiptur
VERÐ:
**4.790 þús. kr.**
Rnr. 121451



**BMW** Nýskr. 05/16
218d Active Tourer
Ekinn 21 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur
VERÐ:
**3.790 þús. kr.**
Rnr. 370877



**SUBARU** Nýskr. 07/16
Forester Premium
Ekinn 54 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur
VERÐ:
**4.390 þús. kr.**
Rnr. 144756



**RENAULT** Nýskr. 03/15
Captur Dynamic
Ekinn 41 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur
VERÐ:
**2.290 þús. kr.**
Rnr. 430094

ENNEMM / SÍA / NM88460

**bílaland**

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




## Hetjan frá Malí




Hinn 22 ára gamli Mamoudou Gassama frá Malí náðist á myndband þar sem hann klifraði upp á svalir á fimmtu hæð fjölbýlishúss í París til þess að bjarga fjögurra ára barni sem hékk fram af svölunum. Emmanuel Macron forseti boðaði Gassama á fund, þakkaði honum fyrir og veitti ríkisborgararétt. NORDICPHOTOS/AFP

# Hlynur stendur í vegi fyrir nýrri skólplögn

**Íbúar við Miðstræti þurfa að ráðast í dýrar framkvæmdir þar sem þeir fá ekki heimild nágranna til að láta laga bilaða skólplögn sem liggur í gegnum lóð þeirra. Nágranni segir hundrað ára hlyn í hættu og ótækt sé að skerða ræturnar.**

**FRAMKVÆMDIR** „Ég gagnrýni það úrræðaleysi í kerfinu sem hefur einkennt allt þetta mál. Hjá borginni eru allir af vilja gerðir en segjast ekkert geta gert,“ segir Kristín Dýrfjörð, íbúi í Miðstræti 8a í miðborg Reykjavíkur.

Sú staða er komin upp að íbúar í Miðstræti 8a og 8b þurfa að ráðast í dýrar og sértækar framkvæmdir til að finna lausn á frárennsli skólps þar sem nágrannar þeirra á Laufásvegi 7 heimila ekki að farið sé inn á þeirra lóð til endurnýjunar á bilaðri skólplögn.

Forsaga málsins er sú að í mars síðastliðnum kom í ljós að lögnin sem liggur að hluta í gegnum lóðina Laufásveg 7 var farin að leka og barst skólpmengað vatn inn í nærliggjandi hús. Starfsmönnum Veitna tókst að stöðva lekann án þess að fara inn á lóð nágrannanna en eftir stendur að ráðast þarf í varanlega viðgerð.

„Vandamálið er að þar sem ekkert deiliskipulag gildir fyrir svæðið þá eru engar kvaðir á lóðinni varðandi lagnir,“ segir Kristín. Hún bendir á að lóðir í miðbænum séu líka að miklu leyti eignarlóðir og réttur eigenda því mikill. „Okkur hefur verið bent á að við gætum hafið málaferli og byggt á hefðarrétti en slíkt tæki langan tíma og við viljum alls ekki bíða með lausn málsins. Það þarf því að breyta frárennslinu frá húsinu og gera breytingar á íbúðum, meðal annars brjóta þykkan hlaðinn steinvegg og fara í gegnum undirstöður hússins.“

> **Garðyrkjustjóri hefur metið það svo að það yrði ekki gert nema með því að skerða rætur trésins sem er mjög varasamt.**
>
> Sigríður Harðardóttir, íbúi á Laufásvegi 7

Íbúar á Laufásvegi 7 voru tilbúnir að fallast á lausn í málinu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Lausnin fólst í því að grafnar yrðu tvær til þrjár holur og þess freistað að laga lögnina með því að tengja þar á milli. Kristín segir sum skilyrðanna hafa verið óásættanleg.

Sigríður Harðardóttir, sem býr á Laufásvegi 7, segir að þrátt fyrir að rétturinn í málinu sé algjörlega þeirra hafi þau viljað rétta fram hjálparhönd en á hana hafi verið slegið. „Síðan kemur í ljós að til að laga lögnina þyrfti að grafa mjög nálægt stórum hundrað ára gömlum hlyn sem er á lóðinni okkar. Garðyrkjustjóri borgarinnar hefur metið það svo að það yrði ekki gert nema með því að skerða rætur trésins sem sé mjög varasamt.“ Sigríður bendir á að til sé lausn á málinu, svokölluð dælulausn, sem þegar hafi verið notuð í öðru húsi í Miðstræti.

**sighvatur@frettabladid.is**

# Meira fiskmeti




FISHERMAN

## Fisherman fiskréttir

Einföld og handhæg samsetning sem gerir þig að listakokki.
Hollur matur fyrir kröfuharða, tilbúinn á innan við 10 mínútum.




**Fisherman lax**

500 g

**1.349** kr/pk




**Fisherman fiskibollur**

500 g

**769** kr/pk




**Fisherman laxagna**

450 g

**1.489** kr/pk



**FERSKUR FISKUR ÚR FISKBORÐI ALLA DAGA**
**Í KRINGLU, GARÐABÆ OG Á AKUREYRI**

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
*Meira svona alla daga*

# Öld síðar



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Þann 6. nóvember árið 1918 greindi Morgunblaðið frá óvenjulegri örtröð sem myndaðist í Apóteki P.O. Christensens í Reykjavík. Þar sótti gríðarlegur fjöldi fólks hóstasaft, kínín og aspirín. Lyfsalinn sagðist aldrei hafa séð annað eins. Hann sagði stöðuna vera einkar erfiða, enda væru 11 af 17 starfsmönnum hans veikir og restin töluvert lasin. Morgunblaðið kom ekki út daginn eftir. Rúm vika leið þangað til næsta útgáfa leit dagsins ljós. Í millitíðinni höfðu stríðandi fylkingar í fyrri heimsstyrjöldinni samið um vopnahlé.

Spænska veikin barst til landsins snemma í júní árið 1918, eða fyrir nákvæmlega 100 árum. Framan af hafði þáverandi landlæknir litlar áhyggjur. Hér væri aðeins um hefðbundna inflúensu að ræða. Í októberlok sama ár sótti flensan verulega í sig veðrið og innan fárra mánaða lágu rúmlega 500 Íslendingar í valnum. Fyrst og fremst voru þetta einstaklingar á aldrinum 20 til 40 ára. Í Reykjavík sýktust 65 prósent íbúa af spænsku veikinni, eða í kringum 10 þúsund manns. Heimsfaraldurinn sem geisaði á sama tíma kostaði um 50 til 100 milljónir manna lífið.

Rétt eins og við minnumst þess þegar þjóðfáninn var fyrst dreginn að húni síðla árs 1918 eigum við að minnast þeirra Íslendinga sem létust í faraldrinum hér á landi. Þeirra Íslendinga sem létust í lyfjaskorti og úrræðaleysi, voru fluttir í bráðabirgða líkhús og jarðsettir í fjöldagrafreitum í Hólavallagarði, og hvíla þar enn í ómerktum gröfum.

Kenna ætti um tilurð, afleiðingar og harmleik spænsku veikinnar, rétt eins og við kennum goðsögnina um fullvalda og sjálfstætt Íslands. Því sögu þessa versta heimsfaraldurs sem við þekkjum er á vissan hátt enn ólokið. Síðan 1919 hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir tvisvar, árin 1957 og 1968. Árið 2009 geisaði síðan skæður stofn veirunnar víða, þar á meðal hér á landi, þar sem tveir létust og 20 aðrir voru í bráðri hættu.

Nýr heimsfaraldur inflúensu er óumflýjanlegur og hann getur skollið á með stuttum fyrirvara. Heimurinn hefur aldrei verið jafn tengdur og nú, samgöngur landa á milli aldrei meiri og smitleiðirnar því víða. Ekki er sjálfgefið að eiga vin í neyð og það að stóla á aðstoð annarra þegar heimsfaraldur geisar er ekki ráðlegt. Hér á landi hefur mikilvægt starf verið unnið til að takast á við inflúensufaraldur, en til að slík áætlun sé skilvirk þarf upplýsingagjöf til almennings að vera forgangsatriði. Útbreiðsla skæðrar inflúensu verður ekki stöðvuð, en hægt er að kæfa heimsfaraldur í fæðingu.

Þær sögulegu heimildir sem til eru um spænsku veikina hér á landi varpa einstöku ljósi á þjóð sem stendur á tímamótum. Um leið sýna þær fram á hversu viðkvæmt sjálfstæði getur verið, því ef eitthvað getur knésett þjóð þá er það það að vera ekki samstíga og meðvituð um þær hættur sem fylgja næsta heimsfaraldri.

> **Rétt eins og við minnumst þess þegar þjóðfáninn var fyrst dreginn að húni síðla árs 1918 eigum við að minnast þeirra Íslendinga sem létust í faraldrinum hér á landi.**

MATVÆLALANDIÐ
FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR
ÍSLAND
RÁÐSTEFNA MATVÆLALANDSINS ÍSLANDS
ÁBYRG MATVÆLAFRAMLEIÐSLA
ÍSLAND OG HEIMSMARKMIÐ SÞ
Hvernig snerta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna íslenska matvælaframleiðslu?
HARPA, FIMMTUDAGINN 31. MAÍ KL. 13.00–16.00
ENGINN AÐGANGSEYRIR. SKRÁNING Á VEFNUM WWW.SI.IS
ÍSLANDSSTOFA
SI
Matarauður Íslands

## Halldór




## Frá degi til dags

**Þröngsýn**

**Niðurstöður borgarstjórnarkosninganna eru ávísun á flókinn borgarstjórnarkapal. Viðreisn gæti verið jókerinn sem þarf til þess að spilið gangi upp, hvort sem raðað verður frá hægri eða vinstri. Einn snertiflötur Vigdísar Hauksdóttur og Eyþórs Arnalds er andúð á ESB en þau sitja saman í stjórn Heimssýnar, samtaka sem berjast gegn öllum ESB-draumum. Þetta gæti hins vegar fælt Viðreisn frá samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og Miðflokkinn þar sem Viðreisn var á sínum tíma í raun stofnuð utan um Evrópusinnað flóttafólk úr Sjálfstæðisflokknum.**

**Holóttir drottins vegir**

**Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir var víðs fjarri takmarkinu um að halda sæti sínu í borgarstjórn með stofnun Borgarinnar okkar. Hún huggar sig við að æðri máttarvöld hafi ætlað henni annað hlutverk. Næstu fjögur árin í það minnsta. „Æ Æ Æ – gott að vera umkringd góðu fólki þegar tölurnar eru jafn svekkjandi og þær birtust nú en Drottinn ætlar mér greinilega önnur verkefni,“ skrifaði hún á Facebook þegar ljóst var í hvað stefndi. Vegir Guðs eru greinilega jafn órannsakanlegir og götur fráfarandi meirihluta eru torfærar og tækifærið til þess að fylla í holurnar þar gekk henni úr greipum.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Út fyrir boxið



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Samkvæmt árlegri mælingu Sameinuðu þjóðanna njóta Íslendingar nú bestu fjarskipta- og tölvutækni á byggðu bóli. Þetta eru frábærar fréttir fyrir lífsgæði og samkeppnishæfni þjóðarinnar. Enn þarf að gera betur. Reykjavíkurborg og dótturfyrirtæki hennar hafa fjárfest myndarlega í ljósleiðaraneti undanfarna tvo áratugi, en veita einungis skertan aðgang endursöluaðila að þessu neti borgarbúa. Ólíkt öðrum sveitarfélaganetum, skilyrðir Orkuveita Reykjavíkur og dótturfyrirtæki þess aðgang að neti sínu við heildarþjónustu sem er veitt inni í þeirra eigin lokaða tækniheimi, þar sem allur virkur miðlægur búnaður er óumbreytanlegur og fyrir vikið er ekkert svigrúm til nýsköpunar og nýrrar hugsunar.

Þessi flækjufótur kemur meðal annars í veg fyrir að Síminn geti veitt þjónustu um innviðina sem borgarbúar eiga saman. Þetta er mjög óheppileg aðgangshindrun af hálfu Orkuveitunnar því auðvitað vill Síminn geta boðið öllum neytendum á Íslandi þær stafrænu lausnir sem þeir óska eftir. Núverandi staða kemur til dæmis í veg fyrir að stór hluti íbúa á höfuðborgarsvæðinu hafi aðgang að öllum möguleikum sjónvarpsþjónustu Símans. Til að bregðast við því höfum við hjá Símanum útbúið lausn sem kemur til móts við áhugasama áhorfendur. Þjónustan tengist beint yfir hið opna internet, óháð því hvar er tengst, og verður boðin til viðbótar hinu sérhannaða sjónvarpsafþreyingarkerfi Símans. Þannig verður hægt að nýta öll aðgangskerfi, farsímakerfi eða fastlínunet, til aðgangs að Sjónvarpi Símans Premium og annarri slíkri afþreyingu.

Enn eru þó ekki allir meinbugir úr sögunni, fjöldi þjónustuþátta og þróunarmöguleika er ekki í boði um innviði almennings, á meðan skammtað er inn á þá í hinu boxaða núverandi kerfi. En einhvers staðar þarf að byrja. Við höfum sjálf getu til að bjóða nýju afurðina óháð stefnu Orkuveitu Reykjavíkur og hlökkum til að kynna þessa sveigjanlega viðbót fyrir fólki, hvar sem það er í viðskiptum eða statt.

Góðu fréttirnar eru svo þær, að aðgangshindrun Orkuveitunnar má auðveldlega aflétta með einu pennastriki og koma þannig í veg fyrir frekari sóun og vannýttar fjárfestingar. Það hlýtur að gerast á kjörtímabilinu fram undan.

> **Góðu fréttirnar eru svo þær, að aðgangshindrun Orkuveitunnar má auðveldlega aflétta með einu pennastriki og koma þannig í veg fyrir frekari sóun og vannýttar fjárfestingar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Að tala upp samfélag



**Birna Lárusdóttir**
upplýsingafulltrúi VesturVerks á Ísafirði

Fyrir sléttri viku birti ég grein á þessum vettvangi sem var viðbragð við skrifum Tómasar Guðbjartssonar. Hann brást að vonum snarlega við undir yfirskriftinni „Að tala niður náttúruna“. Ekki verður staðar numið í andsvörum á meðan Tómas heldur rangfærslum sínum um Hvalárvirkjun og fleira áfram.

**Sjáum fréttablöð seint og illa**
Fyrst er að nefna myndasýninguna, sem Tómas stóð fyrir hér á Ísafirði kvöldið fyrir Fossavatnsgönguna stóru. Reyndar talar Tómas nú um málþing, þótt hann og félagi hans hafi verið einu framsögumennirnir. Eftir því sem ég kemst næst var í boði falleg myndasýning úr náttúru Íslands með spjalli í lokin. Uppistaðan í áhorfendahópnum voru gestir Ísafjarðar, sem voru komnir vestur til að taka þátt í Fossavatnsgöngunni daginn eftir. Íbúar Ísafjarðar voru aftur á móti margir önnum kafnir við að undirbúa gönguna fyrir þetta sama fólk.

Tómas segist hafa auglýst viðburðinn vel á síðum Morgunblaðsins og Fréttablaðsins. Því miður er útbreiðsla þeirra prentmiðla heldur lítil hér vestur á fjörðum. Fréttablaðið er ekki borið í hús á Vestfjörðum og Morgunblaðið er áskriftarblað. Það skýrir kannski af hverju heimamenn vissu seint af fundinum.

**Frábær dagur til fjallaferða**
Ég kannast ekki við að hafa fyrr beint orðum mínum að Tómasi í greinaskrifum, eins og hann gefur í skyn, en við höfum reyndar einu sinni hist í tengslum við náinn ættingja minn, sem leitaði lækninga hjá honum. Þar með eru okkar samskipti upptalin, bæði í ræðu og riti.

Ég skrifaði hins vegar grein nýlega sem bar yfirskriftina „Óaðgengileg náttúra fyrir vestan“. Væntanlega hefur Tómas tekið þau skrif til sín. Hann segir að þar hafi ég fullyrt að ekki væri hægt að komast að fossum Ófeigsfjarðar nema einn mánuð á ári. Það stendur hvergi í minni grein. Hins vegar vita allir sem til þekkja að svæðið er erfitt yfirferðar þorra ársins. Um það verður ekki deilt og heimamenn í Árneshreppi og Vestfirðingar flestir vita það manna best. Vissulega koma góðir dagar inn á milli og annar í hvítasunnu var einmitt slíkur dagur. Ég hafði því miður ekki tök á að fara norður í Árneshrepp þann dag, líkt og Tómas, en naut einstakrar veðurblíðunnar á fjöllum nær Ísafirði með fjölskyldunni.

**Virkjun vatnsfalla og hlýnun jarðar**
Tómas virðist gera að engu álit helstu sérfræðinga landsins á sviði orkumála ásamt niðurstöðu Orkubús Vestfjarða, Vestfjarðastofu, Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, fjölmenns borgarafundar á Ísafirði í september og samstöðufundar í Gilsfirði á annan í hvítasunnu. Allir þessir telja vægi Hvalárvirkjunar í framtíðarraforkuöryggi Vestfirðinga ótvírætt. Niðurstöður kosninga í hreppsnefnd Árneshrepps á laugardag voru einnig afgerandi.

Málflutningur á borð við Tómasar hindrar eðlilega og sjálfbæra innviðauppbyggingu á Vestfjörðum. Náttúra Íslands brennur á fleirum en Tómasi Guðbjartssyni. Við Vestfirðingar höfum kosið að búa hér í sátt við náttúruna og höfum lýst fjórðunginn okkar stóriðjulausan. Ef við horfum á stóru myndina er virkjun vatnsfalla til orkuframleiðslu ein umhverfisvænasta leiðin sem völ er á til að stemma stigu við notkun jarðefnaeldsneytis og hlýnun jarðar. Virkjun Hvalár er liður í því. Ég hefði talið að um þetta gætum við, umhverfissinnar allra landa, verið á einu máli. Á grundvelli sjálfbærrar nýtingar náttúrunnar gætum við þannig sameinast um að tala upp samfélagið hér á Vestfjörðum.

> **Ef við horfum á stóru myndina er virkjun vatnsfalla til orkuframleiðslu ein umhverfisvænasta leiðin sem völ er á til að stemma stigu við notkun jarðefnaeldsneytis og hlýnun jarðar. Virkjun Hvalár er liður í því.**

MARKAÐURINN

Viðskiptafréttir sem skipta máli

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum




Isavia boðar til morgunfundar miðvikudaginn **30. maí kl. 8.30 á Hilton Reykjavik Nordica**.

Þar verður fjallað um farþegaþróun á Keflavíkurflugvelli, áskoranir í ferðamennsku á Íslandi og framtíðaruppbyggingu Keflavíkurflugvallar.

Boðið verður upp á létta morgunhressingu í upphafi fundar.

Skráning á www.isavia.is/morgunfundur

**Dagskrá:**

— Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, ávarpar fundinn

FERÐASUMARIÐ 2018 OG FARÞEGAÞRÓUN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI
— Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Viðskiptasviðs Isavia á Keflavíkurflugvelli

HEFUR FERÐAÞJÓNUSTAN NÁÐ FLUGHÆÐ?
— Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

AF STAÐ INN Í FRAMTÍÐINA — UPPBYGGING KEFLAVÍKURFLUGVALLAR
— Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri Tækni- og eignasviðs Isavia á Keflavíkurflugvelli

Fundarstjóri er Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Isavia.

HILTON REYKJAVIK NORDICA
30. MAÍ KL. 8.30

SKRÁNING
ISAVIA.IS/MORGUNFUNDUR

isavia

# Án Söru Bjarkar og Dagnýjar

**Ísland á mikilvægan leik fyrir höndum þegar liðið mætir Slóveníu í sjöttu umferð í undankeppni HM þann 11. júní. Freyr Alexandersson þarf að leita leiða til að fylla skarðið sem Sara Björk Gunnarsdóttir skilur eftir sig.**

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson stendur enn og aftur frammi fyrir því sem þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu að geta ekki teflt fram lykilleikmanni sínum í mikilvægum leik hjá liðinu. Að þessu sinni er það Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði liðsins, sem er fjarri góðu gamni vegna hásinarmeiðslanna sem hún varð fyrir í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu með Wolfsburg í síðustu viku.

Hásin Söru Bjarkar er trosnuð, en myndataka sem hún fór í um helgina leiddi í ljós að rúmur mánuður er í að hún geti byrjað að æfa af fullum krafti á nýjan leik. Af þeim sökum verður Sara Björk ekki með þegar íslenska liðið mætir Slóveníu í undankeppni HM 2019 á Laugardalsvellinum 11. júní næstkomandi.

Ofan á meiðsli Söru Bjarkar bætist að Rakel Hönnudóttir sem leyst hefur Dagnýju Brynjarsdóttur af hólmi með miklum sóma inni á miðsvæðinu í undanförnum leikjum íslenska liðsins í undankeppninni er í kapphlaupi við tímann með að ná leiknum gegn Slóveníu. Rakel glímir við tognun aftan í læri og ekki er útséð um hvort hún verður klár í slaginn í tæka tíð.

„Það er vissulega þreytandi að við höfum verið að missa einn til tvo lykilleikmenn nánast fyrir hvert verkefni undanfarin misseri, því er ekki að neita. Ég er hins vegar fyrst og fremst leiður fyrir hönd Söru Bjarkar sem hafði átt gríðarlega gott keppnistímabil yfir að hún skyldi meiðast á þessu lykilaugnabliki,“ segir Freyr við Fréttablaðið.




**Landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson og aðstoðarmaður hans, Ásmundur Haraldsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Ég var aftur á móti farinn að búa mig undir að fá fregnir af því að hásinin væri slitin og fram undan væri hálft ár í fjarveru vegna meiðsla. Þar af leiðandi var það ákveðinn léttir þegar Sara Björk færði mér þau tíðindi að svo væri ekki og hún yrði komin aftur á völlinn eftir mánuð. Nú miðast endurhæfing hennar að því að hún verði komin í toppform þegar við mætum Þýskalandi í september,“ segir Freyr um stöðu mála hjá Söru Björk.

„Það er huggun harmi gegn að við höfum óvenjulega langan tíma og fáum óvenju margar æfingar í þessum landsliðsglugga. Við getum því farið vel yfir það hvaða breytingar við munum gera í ljósi þess að Sara Björk og hugsanlega Rakel verði ekki með okkur. Við munum mögulega fara í breytingar á leikkerfi til þess að bregðast við þessu, en ég er að fara yfir það þessa dagana hvernig best er leysa fjarveru þessara öflugu leikmanna,“ segir Freyr aðspurður um það hvaða breytingar hann muni gera í ljósi aðstæðna.

Ísland er í öðru sæti riðils síns fyrir leikinn gegn Slóveníu, en sigur í leiknum kemur liðinu upp fyrir Þýskaland á topp riðilsins. Ísland og Þýskaland mætast svo í toppslag riðilsins á Laugardalsvelli 1. september og Tékklandi í lokaleik sínum í riðlakeppninni þremur dögum síðar. Liðið sem endar í efsta sæti riðilsins fer beint í lokakeppni HM 2019, en þau fjögur lið sem ná bestum árangri í öðru sæti riðlanna fara í umspil um tvö laus sæti.

hjorvaro@frettabladid.is

## 18 DAGAR í HM



**Hörður Björgvin Magnússson**

**Aldur:** 25 ára
**Staða:** Vinstri bakvörður
**Félag:** Bristol City
**Landsleikir:** 15/2

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**FH - Fylkir 1-1**
0-1 Orri Sveinn Stefánsson (24.), 1-1 Brandur Olsen (51.).

## Í Fylki eftir 15 ára fjarveru

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Ólafur Ingi Skúlason hefur skrifað undir tveggja ára samning við Fylki. Ólafur Ingi er uppalinn Fylkismaður en hann lék síðast með liðinu sumarið 2003. Undanfarin 15 ár hefur hann leikið sem atvinnumaður á Englandi, í Svíþjóð, Danmörku, Belgíu og síðast í Tyrklandi. Ólafur Ingi hefur leikið 35 landsleiki og er í HM-hópnum. Hann getur byrjað að spila með Fylki 15. júlí. – iþs




FORD KUGA TITANIUM S AWD
YFIRBURÐIR!
Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstursEiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi.
AFSLÁTTUR -420.000 KR.



FORD KUGA TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR
VERÐ ÁÐUR: 5.610.000 KR.
TILBOÐSVERÐ:
5.190.000 KR.
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16
Ford
ford.is





**Njóttu lífsins á Norðurlöndum**

Lengdu sumarið og láttu það svínga meðal frændfólks og vina í Skandinavíu þar sem lífið er ljúft og kaffið er alltaf klárt. Nú eru sex bitastæðar borgir á Norðurlandatilboði. Hvar slær þitt Skandinavíska hjarta?

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87300 05/18



Ástkær sonur okkar, bróðir,
stjúpbróðir og barnabarn,

**Róbert Ingi Hafþórsson**

lést á Barnaspítala Hringsins þann
25. maí. Jarðað verður í kyrrþey.
Þeim sem vilja minnast hans er bent
á Barnaspítala Hringsins.

**Rebekka Magnúsdóttir** **Nikolin Lleshi**
**Hafþór Ingi Samúelsson** **Þórhildur Þorsteinsdóttir**
**Andri Snær, Daníel Smári, Ásdís Helga, Erla Dröfn**
**Bjarney Kolbrún Garðarsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, fósturpabbi,
tengdapabbi, afi og frændi,

**Björgúlfur Andrésson**

Unnarbraut 26, Seltjarnarnesi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu
sunnudaginn 27. maí.

**Hafdís Jónsdóttir**
**Gyða Margrét Pétursdóttir** **Matthías Hemstock**
**Ýmir, Elvin og Bragi**
**Anna Björg Sigurðardóttir** **Víglundur Ákason**
**Ragnhildur Hrund Sigurðardóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Hulda Haraldsdóttir**

Mýrarvegi 117, Akureyri,

sem lést 14. maí síðastliðinn, verður
jarðsungin frá Akureyrarkirkju
miðvikudaginn 30. maí kl. 13.30.

**Sigurður G. Ringsted** **Sigrún Skarphéðinsdóttir**
**Haraldur G.S. Ringsted**
**Guðmundur Ringsted**
**Anna Ringsted**
**Pétur Ringsted** **Sigríður Þórólfsdóttir**
**Huld S. Ringsted** **Hallgrímur Guðmundsson**
**og fjölskyldur.**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Margir gistu í hjólhýsum nóttina eftir skjálftann sem mældist 6,3 stig og fannst á Ísafirði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Áratugur frá Suðurlandsskjálfta

## Tíu ár eru liðin frá því að tveir snarpir jarðskjálftar riðu yfir Suðurland.

Þann 29. maí árið 2008, klukkan 15.45, reið snarpur jarðskjálfti yfir Suðurlandið. Skjálftinn var 6,3 stig og fannst á Ísafirði. Á þriðja tug slösuðust í Suðurlandsskjálftanum en mikið tjón varð á innanstokksmunum og víða varð tjón á byggingum. Samkvæmt nýlegu mati Viðlagatrygginga Íslands olli skjálftinn tjóni upp á 16 milljarða króna.

„Það er ekkert heilt. Ekkert,“ sagði Sveinn Ingvason, íbúi í Hveragerði, um heimili sitt eftir skjálftann, í samtali við Fréttablaðið. „Bara allt í einum allsherjar graut.“

Í jarðskjálftanum hækkaði jörð undir Selfossi um 6 sentímetra og færðist til suðausturs um 17 sentímetra. Íbúum á svæðinu var ráðlagt að sofa ekki heima hjá sér næstu nótt enda nokkrar líkur á eftirskjálftum. Þá var sjúkrahúsið á Selfossi rýmt og biðu 40 manns í bílum fyrir utan meðan hætta var metin á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Arnar Þór Guðmundsson læknir sagði Fréttablaðinu að um tuttugu manns hefðu leitað læknisaðstoðar á Selfossi. „Það voru nokkrir með beinbrot og svo hafði einn brennst nokkuð þegar hann fékk á sig sjóðandi heita matarolíu,“ sagði Arnar.

Ekkert mannfall varð í skjálftanum en nokkrar kindur urðu undir byggingum.

**khn@frettabladid.is**



Innilegustu þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar elskulegs
eiginmanns míns, föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

**Haraldar Árnasonar**

Strikinu 4, Garðabæ.

**Auður Gunnarsdóttir**
**Margrét Haraldsdóttir**
**Ingunn Edda Haraldsdóttir** **Errol Bourne**
**Gunnar Haraldsson** **Jóna Margrét Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sveinn Arnar Davíðsson**

verkstjóri,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
síðastliðinn laugardag. Útför hans
verður gerð frá Stykkishólmskirkju
laugardaginn 2. júní kl. 14.

**Örn Sveinsson**
**Birna Sveinsdóttir** **Árni Árnason**
**Sesselja Sveinsdóttir** **Sigurður Kristinsson**
**Hilmar Sveinsson** **Pála Vilhjálmsdóttir**
**Davíð Sveinsson** **Anna María Rafnsdóttir**
**Vignir Sveinsson**
**Hera Sveinsdóttir** **Kristján Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Anna Guðný Jóhannsdóttir**

frá Þorlákshöfn,

lést á dvalarheimilinu Lundi
miðvikudaginn 23. maí.
Útförin fer fram frá Þorlákskirkju
föstudaginn 1. júní kl. 14.00.

**Árni Áskelsson** **Jóhanna Marín Jónsdóttir**
**Bjarni Áskelsson** **Ingibjörg H. Sigurðardóttir**
**Guðmundur S. Áskelsson** **Þóra Bjarnadóttir**
**Torfi Áskelsson** **Júlíana Hilmisdóttir**
**Gestur Áskelsson** **Sigríður Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Borghildur Traustadóttir**

Hveragerði, áður til heimilis á
Patreksfirði,

lést sunnudaginn 27. maí.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Elísabet Einarsdóttir** **Kári Þór Michelsen**
**Brynhildur Sigurðardóttir** **Sigurður Sveinsson**
**Ingveldur Sigurðardóttir** **Þorvaldur Hannesson**
**Sigríður Björk Sigurðardóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**Njörður Sigurðsson** **Kolbrún Vilhjálmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Oddur Pétursson**

frá Grænagarði,

sem lést þann 24. maí, verður
jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju,
föstudaginn 1. júní kl. 14.

**Magdalena M. Sigurðardóttir**
**Elías Oddsson** **Ingibjörg Svavarsdóttir**
**Ólöf B. Oddsdóttir** **Valdimar J. Halldórsson**
**Haukur Oddsson** **Margrét Gunnarsdóttir**
**Jóhanna Oddsdóttir** **Jón Ólafur Sigurðsson**
**Pétur Oddsson** **Sigurlín G. Pétursdóttir**
**Sigurður Oddsson**
**afa- og langafabörn.**



Okkar elskulegi

**Böðvar Jónsson**

Grettisgötu 13c,

lést á Landspítalanum 25. maí.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 31. maí kl. 15.

**Óli, Erla, Þórður, Heather, Guðný, Gunna,**
**Ásgeir, Fanney, Óskar,**
**Gunna Stína, Hinrik, Haukur, Albert Frímann, Ívar Breki**
**og fjölskyldur.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 29. MAÍ 2018




Guðjón Ingi Eiríksson, útgáfustjóri Hóla og höfundur margra bóka þar, með bók sína Laggó! sem kemur út á næstunni. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Af tenntum mönnum og tannlausum

Út voru að koma tvær bráðskemmtilegar gamansagnabækur, 104 „sannar“ þingeyskar lygasögur, eftir Jóhannes Sigurjónsson, ritstjóra á Húsavík, og Laggó! Gamansögur af íslenskum sjómönnum, eftir Guðjón Inga Eiríksson. →2



Bókaútgáfan Hólar var stofnuð fyrir þrjátíu árum og hefur verið starfrækt á sömu kennitölu alla tíð. Guðjón Ingi Eiríksson er eigandi hennar og höfundur margra bóka útgáfunnar. „Við höfum sérhæft okkur í að gefa út bækur með gamansögum af því það er svo skemmtilegt að safna þeim saman og svo gefum við líka út íþróttabækur, ævisögur og fræðibækur af ýmsu tagi," segir Guðjón Ingi sem hefur verið útgáfustjóri frá upphafi en rekið útgáfuna einn undanfarin tólf ár.

„Ég hef skrifað margar af þessum bókum sjálfur og það var eiginlega þess vegna sem ég vildi stofna bókaútgáfu á sínum tíma, langaði að ráða sjálfur hvað ég skrifaði og hvernig útgáfunni væri háttað."

Hólar senda frá sér svona tíu til fimmtán titla á ári. „Viðtökurnar eru yfirleitt góðar, allavega er maður ennþá að," segir Guðjón brosandi. „Nýjustu bækurnar er hægt að fá í bókabúðum en annars getur fólk bara haft samband við mig. Þær heita 104 „sannar" þingeyskar lygasögur, sem Jóhannes Sigurjónsson ritstjóri á Húsavík, hefur safnað og Laggó! Gamansögur af íslenskum sjómönnum en þar er að finna sögur af þekktum sjómönnum eins og Lása kokki, Oddi spekingi, Jóni Berg og fleirum."

Guðjón hefur safnað sögunum víða um land og lagt þannig sitt af mörkum til að geyma þessa tegund sagnaarfsins. „Þessar sögur eru bæði af tenntum mönnum og tannlausum en það eru nokkrar sögur í bókinni sem tengjast gervitönnum," segir Guðjón og hlær.

Hér má sjá nokkur sýnishorn úr bókunum tveimur:

## Úr bókinni 104 „sannar" þingeyskar lygasögur

Albert Arnarson, starfsmaður Landsbankans á Húsavík um árabil, lagði gjörva hönd á margan plóginn. M.a. starfaði hann um skeið hjá Húsvískri fjölmiðlun, gaf út auglýsingapésann Pésann og um tíma höndlaði hann með líkamsræktartól margvísleg og samhliða því seldi hann auðvitað fæðubótarefni.

Einn viðskiptavinur Abba var sjómaðurinn Þorgeir Baldursson, gjarnan nefndur Nebbi af einhverjum ástæðum og taldist á þeim árum tæplega fylla flokk kraftakarla, a.m.k. ekki í þungavigtargeiranum. Abbi taldi Nebba trú um að á því mætti ráða bót með fæðubótarefnum og tókst að pranga inn á hann heljarmikilli krukku af þesshátar stöffi.

Þrem dögum seinna kom Þorgeir nokkuð svona kollhúfulegur til Abba, sem spurði strax hvort hann væri ekki þegar farinn að finna aukinn kraft, þrótt og vöðvavöxt?

„Ammm," sagði Þorgeir og dróg svo óupptekna fæðubótarkrukkuna upp úr plastpoka, skellti á afgreiðsluborðið og bætti við: „Hérna, Abbi, heldurðu að þú getir nokkuð skrúfað lokið af helvítis krukkunni fyrir mig."

*

Vilhjálmur Pálsson var áratugum saman vinsæll og virtur íþróttakennari á Húsavík. Hann hafði alltaf góða stjórn á nemendum og þurfti aldrei að beita hörðu til að halda uppi aga, menn voru einfaldlega ekki með neitt múður við Villa Páls, það var ekki flóknara.

En lengi er von á einum og Sigurjón Pálsson, einn af gömlu nemendum Villa, kvaðst einu sinni hafa séð kappann verða orðlausan í leikfimitíma þegar einn nemandi svaraði honum fullum hálsi.

„Og þar átti í hlut Kristján heitinn Hákonarson, mikið ljúfmenni sem aldrei var með uppsteit af nokkru tagi þannig að þetta kom úr óvæntustu átt. Við vorum að koma úr kristinfræðitíma og þegar Kristján, með biblíusögurnar ferskar í kolli, var beðinn að sækja dýnu inn í geymslu þá kvað hann fast að og sagði:

„Vilhjálmur, tak sæng þína og gakk!"

Þegar Villi fékk málið á ný bað hann næsta mann að sækja dýnuna."



Jóhannes Sigurjónsson, ritstjóri á Húsavík, hefur safnað saman 104 „sönnum" þingeyskum lygasögum







## Úr Laggó! Gamansögum af íslenskum sjómönnum

Hinn eini og sanni Lási kokkur keypti eitt sinn mikið af sígarettum áður en hann hélt til sjós og var spurður hvað hann ætlaði eiginlega að gera við öll þessi ósköp af tóbaki.

„Það er ekki víst að við komum í höfn bráðlega," svaraði Lási, „svo mér þótti vissara að hafa vaðið fyrir ofan mig."

*

Gísli Bergs, útgerðarmaður í Neskaupstað, var einn þeirra sem notuðu aldrei númer þegar þeir hringdu innanbæjar. Hann þurfti auðvitað stundum að hringja heim til sín og sagði þá gjarnan við talsímastúlkuna:

„Heyrðu, gæskan, viltu gefa mér samband við sjálfan mig – heima hjá mér."

*

Nokkrir sjóarar á Sauðárkróki sátu um árið og sögðu sögur í beituskúrnum á gömlu trébryggjunni sem stóð sunnan við Skjöld, eða Verið í dag. Þar á meðal voru Agnar Sveinsson og Hörður Guðmundsson. Skömmu áður hafði Agnar veitt risaþorsk úti á firði sem vó heil 24 kíló, en það var með því mesta sem veiðst hafði á þessum slóðum. Hörður hafði hins vegar verið á snurvoð og flækt netin í Willys-jeppa frá bænum Hellulandi. Farartækið hafði flotið út á sjó eftir að hafa stöðvast úti í miðjum Héraðsvötnum nokkrum árum áður og má kannski telja það undarlegt að jeppinn skyldi ekki hafa verið dreginn á þurrt á meðan þess var einhver kostur.

Sagnastundin hófst á því að Agnar sagðist hafa fengið þennan svakalega þorsk á færi.

„Hann var 36 kíló á þyngd," sagði Agnar og baðaði út öllum öngum til að sýna stærð skepnunnar.

„Þetta er nú ekki merkilegt," sagði Hörður. „Ég fékk Willysinn frá Hellulandi í snurvoð um daginn og þegar ég sá hann dreginn að bátnum var engu líkara en hann kæmi keyrandi upp úr hafinu og um borð. Og það merkilega var að ljósin voru enn kveikt á honum."

„Nei, nú ýkirðu," sagði Agnar, „ljósin hafa nú varla verið kveikt á honum!"

Þá svarar Hörður að bragði: „Ja, ef þú tekur 10 kíló af þorskinum þá skal ég slökkva ljósin á bílnum."

*

Sjómennskan var Ísfirðingnum Pétri J. Haraldssyni í blóð borin og aldrei kom annað til greina en hann yrði vélstjóri eins og faðir hans, afi og föðurbræður allir. Hann var vélstjóri á fiski- og farskipum, en einnig um tíma á Djúpbátnum Fagranesinu, sem var með áætlunarferðir í Ísafjarðardjúpi.

Pétur var eitt sinn að kaupa varahluti í versluninni Rörverki. Að lokinni afgreiðslu bað hann um að fá reikning fyrir vörunum og það sundurliðaðan.

„Hvernig sundurliðaðan?" spurði afgreiðslumaðurinn.

„Þið, þessir helvítis glæpamenn, eruð stórhættulegir," svaraði Pétur þá. „Ég vil fá að vita hvað er eðlilegt verð og hvað er hreinn þjófnaður."

*

Þeir mágar, Óskar Matt á Leó VE 400 og Sveinbjörn Snæbjörnsson, oftast kallaður Bjössi Snæ, voru miklir mátar. Þeir fóru stundum á skak á trillu sem Óskar átti. Í einum slíkum túr vildi ekki betur til en svo að Bjössi, sem var með falskar tennur, missti út úr sér efri tanngarðinn, beint í sjóinn og sökk hann til botns. Bölvaði hann þessu óhappi að sjálfsögðu í sand og ösku.

Óskar, sem einnig var með falskar, sá sér nú leik á borði að atast svolítið í mági sínum. Hann tók út úr sér efri tanngarðinn svo lítið bar á , festi hann við færið hjá sér og renndi færinu út. Dró það svo upp eftir stutta stund og kallaði til Bjössa:

„Nei, sérðu hvað er á hjá mér, tennurnar þínar!"

**„Hann tók út úr sér efri tanngarðinn svo lítið bar á, festi hann við færið hjá sér og renndi færinu út. Dró það svo upp eftir stutta stund og kallaði til Bjössa: „Nei, sérðu hvað er á hjá mér, tennurnar þínar!**

**Úr Laggó! Gamansögum af íslenskum sjómönnum**

Bækurnar fást í bókaverslunum, en einnig er hægt að panta þær hjá Bókaútgáfunni Hólum á netfanginu holar@holabok.is og s. 692-8508.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Vinnuvélar & vörubílar

ÞRIÐJUDAGUR 29. MAÍ 2018

**Kynningar:** Kraftkranar, N1, Kraftur, Aflvélar, Lykill, Klettur




Freyr Aðalgeirsson framkvæmdastjóri og Víðir Starri Vilbergsson, einn eigenda fyrirtækisins, segja að Kraftkranar séu með nýlega bílkrana í sinni þjónustu.

# Koma sterkir inn á markaðinn

Kraftkranar er ört vaxandi fyrirtæki sem leigir út öfluga bílkrana með allt að 220 tonna lyftigetu. Starfsfólkið býr yfir mikilli reynslu á sínu sviði. →2

**Framhald af forsíðu ➪**

Kraftkranar koma sterkir inn á markaðinn. Við leigjum út öfluga bílkrana frá LIEBHERR, allt nýleg tæki í toppstandi. Okkar markmið er að veita góða og faglega þjónustu og hagstætt verð svo viðskiptavinurinn njóti góðs af," segir Freyr Aðalgeirsson framkvæmdastjóri.

Fyrirtækið er nýtt og ört vaxandi á sínu sviði en byggir á traustum grunni. „Allt starfsfólk Kraftkrana er með mikla reynslu á sínu sviði þar sem fagmennskan er í fyrirrúmi, enda krefst starfið mikillar sérþekkingar," segir Freyr.

## Öflugir bílkranar með mikla lyftigetu

Kraftkranar leigja út bílkrana sem eru með allt frá 70-220 tonna lyftigetu og þannig útbúnir að þeir geta sinnt fjölbreyttum verkefnum. „Við erum með bílkrana sem ráða við að hífa upp mjög þunga hluti og erfiðar einingar. Við höfum t.d. mikla reynslu af því að setja upp stálgrindarhús og einnig hús úr forsteyptum einingum," segir Freyr.

## Þjónusta stóra verktaka

Kraftkranar hafa komið að mörgum stórum verkefnum og má þar nefna kranavinnu í kringum kísilverið í Helguvík. „Við sáum líka um alla kranavinnu í sambandi við uppsetningu á flugskýli Icelandair við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Við höfum tekið að okkur verk fyrir ISTAK, IAV-VERKTAKA og fleiri stór fyrirtæki í byggingariðnaðinum. Einnig höfum við sett upp stóra byggingarkrana og höfum mikla reynslu af því. Við höfum einnig tekið að okkur að flytja sumarbústaði," segir Freyr.

Bílkranarnir henta ekki síður fyrir verkefni í sjávarútveginum, svo sem út- og uppskipun.

Nýlega bættist 220 tonna bílkrani í flotann og segir Freyr að með honum sé fyrirtækið enn betur í stakk búið að sinna stórum verkum. „Núna getum við þjónustað okkar viðskiptavini enn betur. Við getum farið inn á nær öll svið sem tengjast krönum. Við erum með mikla breidd í okkar flota," greinir Freyr frá.



Kraftkranar hafa yfir að ráða öflugum flota af bílkrönum fyrir stærri sem minni verkefni.



Kraftkranar eru sérhæfðir í vinnu við stálgrindarhús og einingahús.



Kraftkranar hafa þjónustað stærri verktaka á borð við ÍSTAK og IAV-verktaka.




Starfsfólkið er sérhæft í vinnu á bílkrönum.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Úr pólitík í meiraprófið

Karl Tómasson er ekki bara þekktur sem trommuleikari Gildrunnar, hann er einnig fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Karl tekur ýmsa snúninga í lífinu því einn daginn ákvað hann að fara í meirapróf og gerast rútubílstjóri. Núna er hann að leggja lokahönd á nýjan hljómdisk.

**Elín Albertsdóttir**
elin@frettabladid.is



Karl starfaði í átta ár sem forseti bæjarstjórnar í Mosfellsbæ fyrir Vinstri græn en hann og félagar hans voru brautryðjendur í samstarfi VG og Sjálfstæðisflokks. Karli fannst því slíkt samstarf á landsvísu spennandi og talaði fyrir því opinberlega áður en núverandi samstarf flokkanna á landsvísu varð raunin.

Sjálfur hefur hann lagt pólitíkina á hilluna og starfar núna sem bílstjóri hjá Matfugli í Mosfellsbæ. „Eftir átta mjög góð ár í bæjarstjórn fór ég að velta því fyrir mér hvað ég ætti eiginlega að fara að gera. Ég er lærður bókbindari og vann við það á sínum tíma að loknu námi. Gat þó ekki hugsað mér að fara í það starf. Ég hef hins vegar alltaf haft mikla bíladellu. „Mér finnst gaman að keyra flotta og stóra bíla.“

### Tímamót í lífinu

Karl segir að það hafi því verið ákveðin tímamót í lífi sínu þegar hann varð fimmtugur og settist á skólabekk til að taka meiraprófið. Hann var þó síður en svo elstur í sínum bekk enda eftirspurn mikil eftir bílstjórum. „Eftir meiraprófið réð ég mig til Kynnisferða og starfaði þar í rúm tvö ár. Þar með hafði ég tekið u-beygju í mínu lífi sem mér líkaði vel. Það hefur reynst mér ágætlega að skipta um starfsvettvang og mér finnst skemmtilegt að öðlast reynslu af ýmsu tagi.

Draumurinn var svolítið að keyra ferðamenn og kynnast þeim heimi. Ég hef gaman af því að umgangast fólk,“ segir hann. Þegar Karl vann hjá Kynnisferðum keyrði hann í nokkurn tíma rauðu tveggja hæða túristarútuna, City bus, um Reykjavík. Þá kynntist hann ferðamönnum mjög vel enda þeir einir sem fá sér sæti í vagninum. „Fólk af alls kyns þjóðernum kemur í þessa rútu og margir spyrja mikið um hitt og þetta sem viðkemur borginni og landinu þrátt fyrir að um borð sé sérstakt leiðsögukerfi. Auk þess hafði fólkið gaman af því að segja mér frá margs konar upplifun sinni af landinu okkar,“ segir Karl.

Þegar við báðum hann um viðtal var það ekki síst til að spyrja hann hvernig það væri að aka hring eftir hring um Reykjavík með túrista. „Ég get ekki neitað því að það varð leiðigjarnt þegar margir hringir höfðu verið farnir. Sérstaklega vegna þess að þetta er stór bíll og margar götur í borginni mjög þröngar. Það þurfti að fara afar varlega um miðborgina, til dæmis á Geirsgötu og ekki síður á Skólavörðuholtinu,“ segir hann. Loks varð Karl þreyttur á Reykjavíkurrúntinum og réð sig á vöruflutningabíl fyrir Matfugl þar sem hann hefur starfað í tvö ár.



Karl Tómasson segist hafa tekið nokkrar u-beygjur í gegnum lífið. MYND/EYÞÓR

### Ný plata í haust

„Mig langaði að prófa 8-16 vinnu til að hafa meiri tíma fyrir tónlistina,“ bætir hann við en Karl gaf út fyrsta sóló hljómdiskinn sinn, Örlagagaldur, árið 2015. Platan fékk frábæra dóma og var vel tekið á markaðnum. Þess vegna situr hann nú við lokafrágang að næstu plötu sem kemur út í haust. Með Karli vinna margir frábærir tónlistarmenn, meðal þeirra eru áberandi nú eins og á fyrri plötunni: Tryggvi Hübner, Guðmundur Jónsson, Jóhann Helgason og upptökustjórinn er sá sami, Ásmundur Jóhannsson. „Þeir hafa allir reynst mér einstaklega vel.

> Draumurinn var svolítið að keyra ferðamenn og kynnast þeim heimi. Ég hef gaman af því að umgangast fólk.

Nýja platan verður svolítið svipuð og sú fyrsta en það má kannski segja að þetta séu systurplötur þótt fólk heyri vonandi ýmislegt nýtt. Það verður aðeins meira af rafmagnshljóðfærum í þetta skiptið. Það finnst kannski einhverjum skrítið að maður sé að standa í hljómplötuútgáfu nú til dags en til að þetta sé hægt verður maður að vera mjög duglegur sjálfur að selja plötuna. Hugsanlega er hægt að ná endum saman á þann hátt en maður fer ekki lengur með disk til sölu í plötubúð, þeirri sögu er lokið. Mér finnst þetta bara það allra skemmtilegasta sem ég geri í lífinu,“ segir Kalli Tomm, eins og hann er ævinlega kallaður, en örugglega eru margir aðdáendur sem bíða nýju plötunnar.







Scanice
Ekki láta leitina buga þig, vertu í sambandi við okkur
www.facebook.com/scanice
www.scanice.is

# Bílasöfn eru um víða veröld

**Það er mikil upplifun fyrir alla sem hafa áhuga á bílum að heimsækja bílasöfn og skoða glæsikerrur, mótorhjól og kappakstursbíla af öllum stærðum og gerðum. Slík söfn eru um allan heim.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Ef leiðin liggur til Ítalíu í sumar er vert að koma við í smábænum Sant'Agata Bolognese sem er miðja vegu milli Bologna og Modena. Þar er hið fræga Lamborghini-safn sem ekkert bílaáhugafólk ætti að láta fram hjá sér fara. Þar er undir einu þaki safn, verksmiðja og skrifstofur Lamborghini.

Á safninu, sem er á tveimur hæðum, má skoða lykilgerðir af þessum eðalvagni sem margt bílaáhugafólk lætur sig dreyma um að eignast. Einnig eru til sýnis kappakstursbílar sem hafa tekið þátt í Formúlu 1. Hægt er að skoða hvernig bílarnir eru þróaðir og hvernig tæknimálum er háttað, auk þess að skoða vélina sjálfa sem þykir mikið undratæki. Þá er nýjasta týpan, Lamborghini Urus, til sýnis. Til að fá sem mest út úr heimsókninni er hægt að fá leiðsögn um safnið. Einnig er hægt að vafra um netheima og skoða sýningarsalina og bílana á heimasíðu safnsins.

### Honda-safn á nokkrum næðum

Honda-safnið í Japan er mjög umfangsmikið og vert að gefa sér góðan tíma til að skoða hvað þar er í boði. Þar má sjá bíla frá árdögum Honda og allt fram til dagsins í dag. Þar er fjöldi mótorhjóla til sýnis og öll helstu keppnishjól frá Honda sem eru hvert öðru glæsilegra. Einnig gefur að líta yfirlit yfir nýjustu tækni sem bílaframleiðandinn hefur yfir að ráða. Á safninu eru kappakstursbílar frá Honda til sýnis og vélmenni sem hefur slegið í gegn.



Reikna má með að verja heilum degi í að skoða Mercedes Benz safnið í Stuttgart. Þar er farið vel yfir sögu fyrirtækisins og margir eðalvagnar til sýnis.

### Eðalbílasöfn í Þýskalandi

Í Þýskalandi eru tvö fræg bílasöfn. Annað þeirra er Mercedes-Bens safnið í Stuttgart og hitt er BMW-safnið í München. Þessir bílar eru frægir fyrir gæði og glæsileika og gaman að skoða hvernig þeir hafa þróast í gegnum tíðina.

Mercedes-Benz er í höfuðstöðvum bílaframleiðandans Daimler og þar er hægt að gleyma sér tímunum saman við að skoða fagra bíla. Mælt er með að verja að minnsta kosti tveimur tímum á safninu og allt upp í heilan dag til að komast yfir að skoða allt það merkilegasta. Safnið er þess eðlis að jafnvel þeir sem hafa engan áhuga á bílum ættu að hafa gaman af því að heimsækja það. Farið er yfir sögu þessa rótgróna merkis og hægt er að fá leiðsögn um sýningarsalina sem eru vel skipulagðir. Safnið er að sjálfsögðu við Mercedesstrasse 100 í Stuttgart.

Í München er BMW-safnið í einkar glæsilegri byggingu sem ein og sér er heimsóknarinnar virði. Til sýnis eru BMW-bílar, mótorhjól og flugvélar. Hægt er að skoða bílaverksmiðjuna en þá þarf sérstaklega að panta tíma.



BMW-safnið er í München og þykir skyldustopp fyrir bílaáhugafólk.



Lamborghini-safnið á Ítalíu er draumastaður. MYND/INGO BARENCHEE

> **Í Þýskalandi eru tvö fræg bílasöfn. Annað þeirra er Mercedes-Benz safnið í Stuttgart og hitt er BMW-safnið í München.**

Fjármögnun fyrir alls konar bíla og tæki

Landsbankinn hjálpar fólki og fyrirtækjum að koma hlutum á hreyfingu. Við bjóðum hagstæða fjármögnun á nýjum og notuðum bílum, tækjum og ferðavögnum fyrir flestar þarfir.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

Frá
139.000,-
m/vsk

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



Frá
389.000,-
m/vsk



### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

Frá
1.279.000,-
m/vsk



### Söluaðilar

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | TOPPBÍLAR | KRAFTVÉLAR |
|---|---|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Kletthálsi 2 | Dalvegur 6-8 |
| Garðabæ | 603 Akureyri | 260 Reykjanesbær | 800 Selfossi | 110 Reykjavík | 201 Kópavogur |
| Sími: 570-5070 | Sími 460-4300 | Sími 420-6600 | Sími 480-8000 | Sími 587-2000 | Sími 535-3500 |

# N1 fjölgar afgreiðslustöðum Adblue

## AdBlue minnkar umhverfisskaðann vegna útblásturs bifreiða og fæst á fjölmörgum N1 stöðvum um landið. Jóhann Ö. Ingimundarson, viðskiptastjóri N1, svarar nokkrum spurningum um AdBlue.

*Hvar fæst AdBlue?*

„N1 hefur fjölgað afgreiðslustöðum AdBlue um land allt undanfarið. Á fjölmörgum afgreiðslustöðum N1 af dælu, til dæmis Ártúnshöfða, Bíldshöfða, Norðlingaholti, Háholti í Mosfellsbæ, Breiðabliki Snæfellsnesi, Ísafirði, Staðarskála, Leirunni á Akureyri, Egilsstöðum og Laugarvatni. Aðgengi er mjög gott á mörgum staðsetningum t.d. Norðlingaholti fyrir stóra bíla. “

*Hvað gerir AdBlue?*

„AdBlue er hannað til að draga úr losun á köfnunarefnisoxíði og með því hjálpa til við að vernda umhverfið. AdBlue er litlaus lausn sem lítur út eins og vatn. Það samanstendur af 67,5% eimuðu vatni og 32,5% hágæða urea. Þegar ökutæki notar AdBlue er köfnunarefnisoxíði Nox sem dísilvélin framleiðir breytt í köfnunarefni og gufu. Þetta dregur verulega úr losun skaðlegs köfnunarefnisoxíðs, sem er stór orsakavaldur mengunar í andrúmslofti. AdBlue er úðað inn í hvarfakút í púststerfi vélarinnar þar sem það veldur efnahvörfum. Þessi aðferð og AdBlue hjálpar til við að standast kröfur evrópustaðlanna Euro 4.5 og Euro 6.“

*Hvað þarf að nota mikið af AdBlue?*

„Sem þumalputtareglu má miða við að flutningabíll noti 1,5 lítra af AdBlue á hverja 100 ekna kílómetra. Þetta fer þó eftir gerð bíls, aksturslagi og yfirborði vegar sem allt hefur áhrif á notkunina. Að jafnaði má búast við að bíllinn þurfi milli 4% og 6% AdBlue miðað við notkun á dísilolíu. Með öðrum orðum, þá má reikna með u.þ.b. 5 lítrum af AdBlue á móti hverjum 100 lítrum af dísilolíu. Af þessu leiðir að það þarf mun sjaldnar að taka AdBlue heldur en eldsneyti.“

*Hvernig geymir maður AdBlue?*

„AdBlue ætti að geymast við hitastig á milli 0 og 30°C, og ætti ekki að standa þar sem sól skín á það. Umbúðir eiga að vera vel lokaðar þegar ekki er verið að nota þær. AdBlue frýs við -11°C, þannig að mikilvægt er að geyma það við hærri hita en það. Ef AdBlue hefur frosið, þá má nota það eftir að það hefur þiðnað. Geymslustaður þarf að vera hreinn og laus við ryk til að koma í veg fyrir mengun efnisins. Sérstaklega þegar verið er að fylla á AdBlue tank ökutækisins.“

*Hvernig skal meðhöndla AdBlue?*

„Það má alls ekki nota ílát undan olíu eða olíuvörum undir AdBlue. Best er að hafa það í upprunalegum umbúðum eða þá ílátum sem einungis eru notuð undir AdBlue. Þetta á einnig við um trektir og slöngur sem gæti þurft að nota. Mjög lítið magn af olíu þarf til að menga AdBlue þannig að skaði og eða gangtruflanir hljótist af. Þegar AdBlue er hellt á þarf ekki að nota neinn hlífðarfatnað. Hins vegar er notkun hanska ráðlögð til að koma í veg fyrir ertingu á viðkvæmri húð. Lesið öryggisblaðið yfir vöruna þegar hún er meðhöndluð í miklu magni. Öryggisblað má nálgast á www.n1.is.“

AdBlue er einnig fáanlegt í 3,5 og 10 l umbúðum á þjónustustöðvum N1 og í vöruhúsi N1 í 200 og 1.000 l umbúðum.




Jóhann Ö. Ingimundarson dælir hér AdBlue á vörubíl á bensínstöð N1 í Háholti Mosfellsbæ. MYND/EYÞÓR

Allar nánari upplýsingar um AdBlue má finna á www.n1.is.


**Iðnaðarmenn, verktakar og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi, stórar sem smáar!**



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229,839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201,612.- án vsk.













**Topplausnir**

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718




Glæsileg MAN Tourliner rúta. Hægt er að fá rútuna að innan eins og hentar fyrir hvaða aðstæður sem er, t.d. er hægt að hafa í þeim eldhús, svefnaðstöðu fyrir ökumann, salernisaðstöðu og margt fleira.

# Alltaf pláss fyrir toppgæði

**Kraftur hf. hefur í yfir 50 ár verið umboðsaðili fyrir MAN á Íslandi og býður upp á mikið úrval af vörubílum og rútum. Þá má nefna að MAN Neoplan Tourliner vann IF hönnunarverðlaunin 2017.**

Við erum komnir á þann stað að geta boðið upp á nýja bíla, glæsilegar rútur frá MAN," segir Grímur Fannar Eiríksson, sölumaður hjá Krafti, og bætir við að það taki um hundrað daga að fá rúturnar eftir að pöntun er lögð inn. „Það væri hægt að fá bíl í haust. Við erum í startholunum að panta inn og það hefur verið gríðarlega mikill áhugi og eftirspurn eftir að við tilkynntum um þetta."

Meðal þeirra tegunda sem Kraftur býður upp á er MAN Lion's Coach en útgáfan fékk uppfærslu í fyrra þegar á markað kom ný og glæsileg týpa. „Þetta er ekkert annað en toppeintak og nánast hægt að fá rútuna að innan eins og hentar fyrir hvaða aðstæður sem er. Til dæmis er hægt að hafa í þeim eldhús, svefnaðstöðu fyrir ökumann, salernisaðstöðu, lyftu fyrir hjólastóla auk þess sem velja má áklæðið á sætin. Þá eru komin LED-ljós bæði að utan sem innan, USB-tengi fyrir hvern farþega, stillanlegir höfuðpúðar, haldarar fyrir iPad og tölvur og í raun allur hugsanlegur munaður sem farþegar geta óskað sér."

Grímur segir að í nýju týpunni séu einnig komnar nýjar vélar sem skili meira togi og fleiri hestöflum en sama rúmtaki. „Það er hægt að velja þá frá 420 og upp í 500 hestöfl, tölvuskipta með öllum nýjasta öryggisbúnaði. Þá hefur MAN breytt hlutföllum á drifi til að ná niður snúningnum á vélinni en með þeirri breytingu er rútan MAN Lion's Coach bæði hljóðlátari en aðrar rútur og eyðir minna eldsneyti."



Gírskiptingin er einföld.

## Neoplan Tourliner hlaut hönnunarverðlaun

Kraftur býður einnig upp á MAN Neoplan Tourliner sem þykja með flottustu rútum á götum heimsins. „Þetta er sú tegund sem er hvað vinsælust hjá stærstu hljómsveitum veraldar. Þetta eru svakaleg glæsileg tæki," segir Grímur og svarar því aðspurður að það sé engin ný MAN Neoplan Tourliner á götum landsins.

Þá ber að nefna að MAN Neoplan Tourliner vann IF hönnunarverðlaunin árið 2017 og stóð þar þúsundum annarra tegunda ökutækja framar. „Við erum að sjálfsögðu upprifin yfir þeirri staðreynd að Tourliner teljist framúrskarandi, ekki síst þegar litið er til þess hversu mörg ökutæki voru skráð til keppni," sagði Stephan Schönner, yfirmaður hönnunardeildar hjá MAN, við það tækifæri.

Grímur segir að það sé alltaf pláss fyrir toppgæði á íslenska markaðnum og þar komi MAN Neoplan Tourliner sterkur inn. „Eftirspurnin er sterk og þetta er til dæmis orðið þannig að mörg þeirra skipafélaga sem koma með farþega hingað til lands á lystisnekkjum vilja það besta fyrir sína viðskiptavini og þau taka út bílaflota þeirra fyrirtækja sem bjóða akstursþjónustu og velja þá bíla sem nota á til að ferja farþegana í landi. Og þau eru að leita eftir flottu útliti og miklum þægindum."

## Ný innrétting í MAN TGX

Vörumiðlun ehf. fékk á dögunum afhentan fyrsta MAN TGX 2018 með nýju innréttingunni sem margir hafa beðið eftir, en MAN TGX er stærsti vörubíllinn frá MAN. „Við erum afar stoltir af MAN TGX-bílnum og sérlega ánægðir með að geta boðið upp á nýju innréttinguna sem beðið hefur verið eftir með óþreyju," segir Erlingur Örn Karlsson, sölumaður hjá Krafti.

Helstu breytingar eru þær að búið er að færa gírskiptirofann úr gólfi upp í mælaborð, kominn er litaskjár í mælaborði sem sýnir helstu upplýsingar, til dæmis eyðslutölur, þyngdir á öxlum og hraða bílsins, og komið hefur verið fyrir nýjum ísskáp milli sæta sem fellur alveg undir kojuna. Þá er búið að setja upp ný lesljós í koju ásamt klukku og USB-tengjum. Einnig er hægt að velja um ljósa eða dökka innréttingu.



Sætaröðin í Neoplan Tourliner.



MAN vörubílar í ýmsum útfærslum.

Kraftur er á Vagnhöfða 1. Sími 567-7100. Sjá nánar á kraftur.is

# Ný aðferð við að knýja rafmagnsvörubíla prófuð

Volkswagen og Siemens eru að vinna saman að þróun vörubíla sem eru knúnir áfram af rafmagnsvírum sem liggja fyrir ofan vegina. Vörubílarnir verða prófaðir í Þýskalandi á næstu árum.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er ennþá áskorun að gefa rafmagnsvörubílum nægilegt afl til að þeir þoli langferðalög, en Volkswagen, í samstarfi við Siemens, ætlar að prófa nýja aðferð til að knýja rafmagnsvörubíla með vírum á þjóðvegum Þýskalands á næsta og þarnæsta ári.

Aðferðin gengur út á að tengja vörubílana við víra sem eru strengdir fyrir ofan veginn og gefa bílunum kraft þannig, líkt og er gert við rafknúnar lestir víða um heim.

Volkswagen leggur til tvo tvinnbíla frá vörubílaframleiðandanum Scania, sem er í eigu Volkswagen, og Siemens byggir rafkerfið sem þarf til að bílarnir geti dregið orku frá vírunum. Prófanirnar fara fram á hluta af þremur þjóðvegum í Þýskalandi. Verkefnið fer af stað snemma á næsta ári, það stendur yfir til ársins 2020 og verður styrkt af þýsku ríkisstjórninni.

Rannsóknarhópur frá Volkswagen hefur yfirumsjón með verkefninu og hann mun rannsaka hvernig það sem hann hefur lært varðandi rafmagnsvæðingu fólksbíla gagnast við að rafmagnsvæða vörubíla.

Ef vörubílarnir geta dregið rafmagn frá vírum yfir veginum þurfa þeir ekki að hafa stórar rafhlöður, en það verður dýrt að byggja grunninn fyrir slíkt kerfi með því að leggja víra yfir stóran hluta þjóðvega.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi tækni er prófuð. Fyrir tveimur árum settu Siemens og Scania víra yfir hluta af vegi í Svíþjóð til að prófa þessa sömu tækni. Nú er verið að gera tilraunir í Svíþjóð með rafmagnsvörubíla sem draga afl frá teini sem er byggður inn í veginn og leiðir rafmagn í gegnum sig.

Markmiðið með þessu verkefni er að minnka mengandi útblástur sem fylgir vöruflutningabílum. Claes Erixon, yfirmaður í deild rannsókna og þróunar hjá Scania, segir að Scania líti á rafmagnsvegi sem tækni sem lofi góðu fyrir sjálfbæra vöruflutninga og að rafmagnsvæðing farartækja sé að þróast hratt og verði mikilvægur hluti af skiptunum frá notkun jarðefnaeldsneytis.

Scania er að vinna í ýmsum verkefnum sem miða að því að flýta fyrir þróun rafmagnsvæðingar umferðarinnar og telur að besta leiðin til að það gangi sem hraðast sé að vera í samstarfi við bæði einkageirann og yfirvöld á sama tíma.

Rafdrifnir vörubílar sem draga kraft utan frá eru samt enn langt frá því að fara í framleiðslu fyrir almenning. Fyrstu rafmagnsvörubílarnir eiga eftir að fara hefðbundnari leið og nota stóra rafhlöðupakka til að knýja bílana langar leiðir. Hin ýmsu fyrirtæki eru að þróa slíka vörubíla, bæði hefðbundin bílafyrirtæki eins og Volvo sem og ný og framsækin fyrirtæki eins og Tesla.



Hér sést vörubíll keyra á prufubraut í Þýskalandi þar sem rafmagnsvírar voru settir upp. NORDICPHOTOS/GETTY

**» Aðferðin gengur út á að tengja vörubílana við víra sem eru strengdir fyrir ofan veginn og gefa bílunum kraft þannig.**




Á þessari mynd sést betur hvernig vörubíllinn er tengdur við rafmagnsvírakerfið sem Siemens er að þróa. NORDICPHOTOS/GETTY



Trojan BATTERY COMPANY MASTER DISTRIBUTOR

TROJAN RAFGEYMAR

fyrir vinnulyftur, gólfþvottavélar og fleiri smærri vélar

Endingargóðir, úthaldsmiklir og traustir. Um langt skeið hafa notendur um allan heim treyst á Trojan til að skila framúrskarandi afli, en afkastageta Trojan hefur verið aukin enn frekar með nýjustu tækni.



olís

HREIN ORKA Í ALLRA ÞÁGU

Sölu- og þjónustuver 515 1100 – pontun@olis.is

# Tæki fyrir öll sveitarfélög

**Aflvélar ehf. bjóða meðal annars upp á Holder fjölnota vinnuvélar sem er þýsk gæðavara og hefur verið framleidd í meira en hundrað ár. Tækin henta fyrir ýmsa vinnu sem fram fer í bæjarfélögum.**

Þetta er framtíðin," segir Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla, um Holder Muvo fjölnota vinnuvélina sem nýverið var afhent Grindavíkurbæ. „Sveitarfélög í Evrópu eru að skipta úr hefðbundnum dráttarvélum yfir í þessar fjölnota vinnuvélar því það eru svo miklu fleiri möguleikar í notkun og afköstin eru meiri."

Holder fjölnotavélin er sérpöntuð eftir þörfum og óskum kaupenda en í grunninn hönnuð með sveitarfélög í huga. Tækið sem Grindavíkurbær keypti er með sóp fyrir gangstéttir og götur, vörubílapalli en svo er reiknað með að bæta við sláttuvél með safnkassa og annarri með armi, snjótönn og saltdreifara. „Þetta er tæki sem er ákaflega lipurt og getur unnið svo gott sem hvar sem er og Grindavíkurbær á eftir að nota tækið allt árið." Möguleikar á aukahlutum eru margir þar sem stór vökvadæla er í tækinu. Hægt er m.a. að bæta við illgresiseyði með gufu, illgresisburstum, mannkörfu í krana til að gera við ljósastaura og setja upp jólaskreytingar o.s.frv.

Friðrik Ingi segir að Holder „Muvo" sé tiltölulega ný vara hjá Holder og tækið sé því sem næst fullkomið fyrir sveitarfélög. „Það er þægilegt að sitja í þeim, beygjur á öllum hjólum og svo er hann sjálfskiptur (vökvadrif). Hann er með drif á öllum hjólum og nær gripi við allar aðstæður. Þá tekur ekki nema tíu til tuttugu mínútur að skipta alfarið úr einni notkun í yfir aðra, og aðeins þarf einn mann til að skipta úr sumartæki í vetrartæki."

### Íslendingar sjá Holder fjölnotatæki í sumar

Segja má að Grindavík sé í fararbroddi íslenskra sveitarfélaga þegar kemur að kaupum á Holder Muvo en evrópskar borgir hafa margar hverjar séð gagnsemi þess að halda úti heilum flota af tækjunum. „Til dæmis var verið að afgreiða 180 Holder tæki til Moskvu nýlega þannig að borgin verður með flota upp á rúmlega 500 Holdera," segir Friðrik Ingi.

Að því sögðu má leiða líkur að því að Íslendingar sem halda út til Moskvu til að fylgjast með íslenska landsliðinu etja kappi við það argentínska á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í næsta mánuði muni eflaust einnig sjá rússneska borgarstarfsmenn Moskvu við vinnu á Holder. „Öll sveitarfélög ættu að eiga svona tæki og helst fleiri en eitt," segir Friðrik Ingi.



Skipt um ljósaperu með hentugu tæki.




Sigmar Árnason, forstöðumaður áhaldahússins í Grindavík, og Markus Kiegerl frá Holder við afhendingu nýja og öfluga tækisins. Grindavík hefur tekið þessa fjölnota vinnuvél í gagnið.




Tækið hentar vel í snjómokstur.



Tækið er öflugt þótt smátt sé.



Hentar einnig í slátt.

# Miðborgartæki númer eitt

Þetta er Plokkarinn, með greini," segir Friðrik Ingi um Glutton suguna frá Aflvélum og vísar þar til tískubylgjunnar sem gengið hefur yfir höfuðborgarsvæðið og felst í því að íbúar tína upp rusl á gönguferðum sínum, en það hefur verið kallað að plokka. Glutton sugan er hugsuð fyrir sveitarfélög, flugvelli, stærri mannvirki og iðnað og hefur þegar sannað gildi sitt hér á landi en bæði Reykjavíkurborg og Hafnarfjörður notast við Glutton sugur.

Friðrik Ingi segir að Glutton sugan sé miðborgartæki númer eitt en það gagnist ekki síður á bæjarhátíðum eða útihátíðum. „Þetta er lausn á þeim vandamálum sem eru til staðar í kringum fólk, í miðbæjum og annars staðar, og segja má að Glutton sugan komi í staðinn fyrir manninn með kústinn og fötuna. Vélin eltir þann sem notar hana, það þarf ekkert að toga, og viðkomandi getur verið innan um fólk því það er enginn hávaði sem fylgir henni né mengun. Ruslið fer í venjulega 240 lítra tunnu og hægt er að hafa stóran svartan ruslapoka í tunnunni. Svo dugar rafhleðslan allan daginn."

Aflvélar hafa slíka tröllatrú á Glutton sugunni að fyrirtækið kýs að selja það ekki eftir myndum heldur óskar eftir því að halda sýnikennslu. „Við viljum endilega fá beiðni frá sveitarfélögum eða fyrirtækjum og förum hvert á land sem er og höldum sýnikennslu. Þetta er tæki sem ætti að vera til hjá öllum sveitarfélögum."

Í því sambandi nefnir Friðrik Ingi að með Glutton sugunni sé hægt að halda hreinu á bæjarhátíðum og útihátíðum. „Málið er það, að á meðan svæðunum er haldið við og hreinum þá er minna hent af rusli og þeim mun minna að þrífa upp. Þannig að þetta verður til þess að gestir eru snyrtilegri."

### Illgresið í burtu

Nú fer illgresið að vaxa í stéttum og köntum. Aflvélar selja tæki til að fjarlægja illgresið frá Michaelis sem er sjálfstætt tæki með drifi á hjólum eða sem bursti á vinnuvélar og síðan WeedGo sem hægt er að setja á venjuleg sláttuorf sem eru yfir 2,5 hestöfl. Þessi tæki rífa upp illgresið á áhrifaríkan og umhverfisvænan hátt. Engin efni eru notuð við eyðinguna, einungis vírburstar.




Friðrik Ingi hjá Aflvélum með Glutton suguna. MYNDIR/STEFÁN



Tæki til að fjarlægja illgresi frá Michaelis sem er sjálfstætt tæki með drifi á hjólum eða sem bursti.



WeedGo sem hægt er að setja á venjuleg sláttuorf.

# Bjargaði dráttarvél frá glatkistunni

Sveinn Erlendsson lögreglumaður gerði upp gamla Massey Ferguson dráttarvél sem var komin í mikla niðurníðslu. Hann lagðist í rannsóknarvinnu og fann varahluti í hana um allan heim.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Sveinn segir fortíðarþrá fyrst og fremst ástæðuna fyrir því að hann ákvað að gera upp Massey Ferguson dráttarvél en það tók hann fimm ár að koma vélinni í fullkomið stand. „Ég ólst upp með svona vélum langt fram á tvítugsaldurinn á Álftanesi, en þar var stundaður landbúnaður fram til um 1980. Tengdafjölskylda mín á jörð í Landsveitinni og þar var þessi gamla dráttarvél. Hún heillaði mig um leið og ég sá hana í fyrsta sinn. Sá sem átti vélina upphaflega féll frá árið 1988 og eftir það fór hún í eigu allmargra erfingja. Dráttarvélin var komin í mikla niðurníðslu þegar ég fór að falast eftir henni fyrir um tíu árum en ég sá alltaf möguleikana á að endurbyggja hana," segir Sveinn sem er giftur Soffíu Sæmundsdóttur myndlistarkonu.

Margir héldu að dráttarvélin væri búin að syngja sitt síðasta en Sveini tókst að sannfæra eigendahópinn um að vélin væri betur komin hjá honum en úti á túni, í öllum veðrum og vindum. Úr varð að hann flutti dráttarvélina í bílskúr í Álftanesi, þar sem hann er búsettur, og hófst handa við að gera hana upp.

### Reif vélina í tætlur

„Ég lofaði að vélin yrði eins og hún var þegar hún var keypt í júlí 1971, alveg splunkuný. Ég byrjaði á að rífa hana í tætlur og skoðaði hvaða varahluti vantaði. Eftir það lagðist ég í rannsóknarvinnu á internetinu og í ljós kom að það var auðvelt að útvega varahluti, sem ég fékk víðs vegar að úr heiminum, eða frá Indlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Frakklandi, Bretlandi og Hollandi. Það tók mig stuttan tíma að koma mér inn í vélina sjálfa. Ég er orðinn hálfgerður sérfræðingur í Massey Ferguson vélum eftir þetta ævintýri," segir Sveinn hlæjandi.

Hann var strax ákveðinn í að gefa sér góðan tíma og vanda vel til verks en hvað fannst fjölskyldunni hans um þetta tiltæki? „Hún hélt að ég væri genginn af göflunum og skildi ekkert í hvað ég vildi gera með þetta gamla landbúnaðartæki. Eiginlega vissi ég það ekki sjálfur, nema ég vildi koma því í upprunalegt stand."



Sveinn ákvað að taka sér góðan tíma í að gera dráttarvélina upp og passaði sig á að verða aldrei leiður á verkinu. Vélin er orðin eins og ný. MYND/EYÞÓR



Dráttarvélin áður en hún var tekin í gegn. MYND/SVEINN ERLENDSSON



Sveinn lét sérblanda lakk til að fá rétta litinn á dráttarvélina og útkoman er glæsileg. MYND/EYÞÓR

### Lét sér aldrei leiðast við verkið

Inntur eftir því hvort allur hans frítími hafi farið í að gera traktorinn upp kemur í ljós svo var ekki. „Nei, ég passaði mig á að láta mér aldrei leiðast við þetta verk og fara aldrei í það nema þegar mig langaði til þess. Stundum leit ég ekki á dráttarvélina dögum saman. Í byrjun var ég dálítið brattur og ætlaði mér tvö ár í þetta en þau urðu að lokum fimm. Ég gerði verkefnaáætlun og vissi alltaf hvar ég var staddur með vélina og hafði góða yfirsýn yfir þetta allan tímann," greinir Sveinn frá.

> Ég lofaði að vélin yrði eins og hún var þegar hún var keypt í júlí 1971. Ég byrjaði á að rífa hana í tætlur og skoðaði hvaða varahluti vantaði. Eftir það lagðist ég í rannsóknarvinnu og fékk varahluti frá Indlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Frakklandi, Bretlandi og Hollandi.

Nýuppgerð og afar glæsileg dráttarvél var svo afhjúpuð við mikla viðhöfn um þetta leyti í fyrra. Sveinn kallaði til alla fjölskylduna sem erfði hana á sínum tíma, og einnig þá sem höfðu unnið á vélinni sem unglingar. Hún vakti að vonum mikla athygli, enda orðin eins og ný.

*En hvað kom mest á óvart í öllu þessu ferli?*

„Hvað það gekk vel að fá varahluti í nær fimmtíu ára gamalt tæki. Þessar vélar eru greinilega enn í notkun úti um allan heim, enda með allra bestu tækjum sem voru framleidd á sínum tíma."

Sveinn skellir upp úr þegar hann er spurður hvort hann ætli að gera upp fleiri landbúnaðartæki sem mega muna sinn fífil fegurri. „Nei, ekki eins og er, kannski fer ég af stað aftur þegar ég fer á eftirlaun."



westfalia AUTOMOTIVE

# DRÁTTARBEISLI

**Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa.**




westfalia

## Söluaðilar

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**KRAFTVÉLAR**
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500



Fyrirtækjaráðgjafar Lykils, frá vinstri: Sverrir Viðar Hauksson, Guðmundur Sigurjónsson, Elvar Daði Eiríksson, Arnar Snær Kárason og Herbert Arnarson. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Lykill er ferskur drifkraftur

**Lykill byggir á 30 ára sögu og þjónustu við verktaka, iðnaðarmenn og bændur þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja af öllu tagi. Markmið Lykils er að bjóða sveigjanlega fjármögnunarkosti.**

Lykill er eignaleiga sem býður fjölbreytta möguleika til fjármögnunar og mætir ólíkum þörfum fyrirtækja, stofnana og einstaklinga," segir Sverrir Viðar Hauksson, sviðsstjóri viðskiptasviðs Lykils, sem er eina sjálfstæða eignaleigufyrirtækið á sviði fjármögnunar.

„Við höfum reynt að vera ferskur drifkraftur á þessum markaði. Markmið okkar er að bjóða skjóta þjónustu, hagstæð kjör, fjölbreytta og sveigjanlega fjármögnunarkosti, og umfram allt öryggi í viðskiptum," segir Sverrir.

Með eignaleigu Lykils er hægt að fjármagna allt á milli himins og jarðar, svo fremi sem hægt er að sanna eignarhald á viðkomandi tæki.

„Á Íslandi er enn umtalsverð endurnýjunarþörf á vinnuvélum, þrátt fyrir að markaðurinn hafi tekið vel við sér á síðustu misserum," segir Sverrir. „Fyrir þá sem reka slík atvinnutæki skiptir eðlilega máli að rekstraröryggi sé til staðar, auk þess sem afköst og rekstrarkostnaður skipta miklu máli. Við lítum á það sem okkar hlutverk að hjálpa viðskiptavinum okkar að ná besta mögulega árangri í sínum rekstri og hluti af þeirri mynd er að vera með réttu tækin."



Dofri og Suðurverk hafa verið í viðskiptum við Lykil í 20 ár og fjármagnað fjölbreytta flóru véla og tækja.

## Fjölbreyttari kostir til fjármögnunar

Lykill býður fjölbreyttari fjármögnunarkosti en aðrir. Þar má nefna rekstrarleigu á smærri og stærri tækjum, auk hefðbundinnar kaupleigu og fjármögnunarleigu.

„Við höfum að leiðarljósi að finna leið sem hentar hverjum og einum best," segir Sverrir.

Í eignaleigu Lykils er tækið sjálft eina tryggingin sem lántaki eða leigutaki leggur fram.

„Með því að sækja um fjármögnun með eignaleigu geta viðskiptavinir óskað eftir kaupum Lykils á tilteknum tækjum sem þeir leigja svo af Lykli í ákveðinn tíma," útskýrir Sverrir. „Leigutakar bera vitaskuld ábyrgð á skuldbindingum sínum en þurfa ekki að koma með frekari tryggingu en tækið sjálft. Ef við berum eignaleigu saman við bankalán þá er þar oftast beðið um veð, til að mynda í fasteignum, en í eignaleigu er það vinnuvélin sjálf sem er tryggingin fyrir skuldbindingu samningsins. Hugsunin er sú að tækið auki tekjur fyrirtækisins, eða lækki kostnað, og standi því sjálft undir leigugjaldinu."

## Mikil reynsla og þekking á markaðnum

Hjá Lykli er mikil reynsla innanbúðar þegar kemur að þjónustu við atvinnugreinar í þessum geira, bæði hvað varðar vinnuumhverfi og tæki.

> Hugsunin er sú að tækið auki tekjur fyrirtækisins, eða lækki kostnað, og standi því sjálft undir leigugjaldinu.
>
> Sverrir Viðar Hauksson

„Við fylgjumst vel með því sem er að gerast á markaðnum og nýtum þá þekkingu til að aðstoða viðskiptavini okkar. Samanlagður starfsaldur starfsmanna í fyrirtækjaráðgjöf Lykils er yfir hálf öld og sú reynsla og þekking nýtist okkar viðskiptavinum vel," segir Sverrir.

Lykill er í Ármúla 1. Sími 540 1700. Nánar á lykill.is












Pipar\TBWA \ SÍA

# VIÐ FJÁRMÖGNUM
# LÍKA SVONA GRÆJUR




## Fjölbreyttir fjármögnunarkostir

Lykill fjármögnun er eina sjálfstæða eignaleigufyrirtækið á Íslandi og býður fjölbreyttari fjármögnunarkosti á vélum og tækjum. Ólík fjármögnunarform henta ólíkum atvinnurekstri en hægt er að velja um kaupleigu, rekstrarleigu, fjármögnunarleigu og hefðbundin veðlán. Greiðslur geta verið óreglulegar eftir tekjustreymi og allt er gert til þess að auðvelda viðskiptavinum fjármögnunina.



## Eignaleiga er góður kostur

Alla jafna er tækið sjálft eina tryggingin fyrir fjármögnuninni, sem getur verið allt að 80% af kaupverði. Í góðu samstarfi við innflytjendur og þjónustuaðila vinnum við að því að finna skynsamlegustu lausnina í hverju tilfelli.

**Endilega hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 540 1700 eða lykill@lykill.is**

Lykill
fjármögnun

Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700

# Endurmenntun af hinu góða

Eiríkur Hreinn Helgason tók meiraprófið sem hluta af stúdentsprófi úr Menntaskólanum við Tjörnina árið 1975. Það hefur oft komið honum vel og nú starfar hann sem ökuleiðsögumaður og kennir enn fremur á endurmenntunarnámskeiðum fyrir atvinnubílstjóra um allt land.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is





Námskeiðið er fimm dagar eða 35 klukkustundir og auk fastra námskjarnafaga er hægt að velja um fólksflutninga eða vöruflutninga í kjarnavali.

Nýlega tóku gildi reglur Evrópusambandsins sem kveða á um að atvinnubílstjórar með réttindi til að keyra vöruflutningabifreiðar og fólksflutningabifreiðar, svokölluð C- og D-réttindi, þurfi að taka endurmenntunarnámskeið á fimm ára fresti,“ segir Eiríkur og bætir við að námskeiðin standi í fimm daga eða 35 klukkustundir. „Þar sem ég er fyrrverandi yfirlögregluþjónn og kennari í Lögregluskólanum hef ég tekið að mér að kenna hluta af námskeiðinu, sem kallast Lög og reglur, víðs vegar um landið.“

Námskeiðið samanstendur af þremur kjarnadögum sem kallast eins og áður sagði Lög og reglur, Vistakstur og Umferðaröryggi eða bíltækni. Þá eru valkjarnar í ýmist farþega- eða vöruflutningum og hægt að velja innan þeirra en bílstjórar sem hafa annað hvort að sérsviði þurfa að taka valkjarna í þeim. Bílstjórar sem vilja halda réttindum til bæði vöru- og farþegaflutninga mega velja hvorn kjarnann þeir taka en æskilegt er að þeir taki báða. Eiríkur segir námskeiðin vel sótt enda séu þau nauðsynleg til að halda starfsréttindum. „Með þeim er verið að skilgreina það að vera ökumaður á stórum bíl sem sérfræðistarf þar sem menn þurfi að sækja sér endurmenntun á fimm ára fresti til að halda atvinnuréttindunum,“ segir hann. „Menn halda meiraprófinu og allt það en til að fá að vinna við að keyra trukka og rútur í atvinnuskyni þarf að sækja þessi námskeið á fimm ára fresti frá og með 10. september í haust og afla sér tákntölunnar 95 í ökuskírteinið. Það þýðir ekkert að ætla að vinna sem bílstjóri á stórum bíl án þess að hafa þessi réttindi.“

Sjálfur starfar Eiríkur sem ökuleiðsögumaður og segir það vera heilmikla kúnst. „Þú þarft að vera vakandi fyrir því um hvað þú ert að tala og hvenær þú ert að því og við hvaða aðstæður ásamt því að huga að umferðaröryggi sem er alltaf númer eitt.“ Hann segir mikilvægt að vera búinn að skipuleggja hvar og hvenær er talað. „Maður finnur sér góða staði til að taka til máls.“

Hann segir veður og vinda vera versta óvininn á vegum úti. „En svo þarf að hafa varann á gagnvart öðrum ferðalöngum sem kunna kannski ekki alveg að keyra á hálum vegum við mismunandi aðstæður.“

Í námskrá um Endurmenntun atvinnubílstjóra sem gefin er út af Samgöngustofu segir að hún skuli fara fram hjá viðurkenndum námskeiðshaldara, það er í ökuskóla sem hefur starfsleyfi frá Samgöngustofu. Skipta má námi á aðskilda daga, á hverjum degi skal kenna 7

> **Með námskeiðunum er verið að skilgreina það að vera ökumaður á stórum bíl sem sérfræðistarf.**

kennslustundir. Þegar sérstaklega stendur á má skipta 7 kennslustundum á tvo samliggjandi daga innan 24 klukkustunda. Hver kennslustund skal vera 45 mínútur og hæfilegt hlé skal vera á milli kennslustunda. Kennslan skiptist í bóklega og verklega kennslu og er hægt að taka bóklega námið bæði í stað- og fjarnámi.

Meðal valgreina má nefna vinnuvistfræði, mataræði og lífsstíl, skyndihjálp og akstur og þjónustu strætisvagnabílstjóra.

Eiríkur er sannfærður um að endurmenntun bílstjóra sé af hinu góða. „Ég tók meiraprófið til dæmis sjálfur árið 1975 og síðan hefur enginn spurt hvað ég kann og get en þarna er fimm ára eftirlit.“ Hann segir að fleiri þúsund atvinnubílstjórar hafi sótt þessi námskeið á undanförnum fimmtán mánuðum. „Samgöngustofa hefur látið gera ítarlega námsskrá sem ökuskólarnir útfæra svo með kennsluefni og bílstjórar hafa tekið þessu vel eftir smá hnökra í byrjun. Menn hafa verið að leggja bæði tíma og peninga í að verða betri bílstjórar sem er af hinu góða.“



Eiríkur Hreinn Helgason, ökuleiðsögumaður og fyrrverandi yfirlögregluþjónn og kennari við Lögregluskólann, kennir á námskeiðum í Endurmenntun atvinnubílstjóra.









# Tökum hringinn með trukki.

Mercedes-Benz trukkar fara hringferð um landið í maí. Í dag verðum við á ferðinni um Austurland og munum enda daginn á Egilsstöðum. Komdu og kynntu þér kraftmikinn flota trukka og vörubíla frá Mercedes-Benz. Söluráðgjafar verða á staðnum og bjóða gestum upp á reynsluakstur.

Hlökkum til að sjá þig.

| 29. maí | 30. maí | 31. maí |
|---|---|---|
| KASK, Hornafirði kl. 8:00<br>BVA, Egilstöðum kl. 13:00 | Orkuplanið, Húsavík kl. 8:00<br>Kraftbílar, Akureyri kl. 12:00<br>Olís, Dalvík kl. 14:30 | Vörumiðlun, Sauðárkróki kl. 8:00<br>N1, Borgarnesi kl. 13:00<br>Bílás Bílasala, Akranesi kl. 15:00 |

Mercedes-Benz
Trucks you can trust

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“

# Lærdómsríkur starfsferill

Á starfsferli sínum hefur Ágúst Jakob Ólafsson komið víða við, m.a. starfað hátt uppi í fjöllum á Vestfjörðum og stundað rannsóknir og námugröft við erfiðar aðstæður á Grænlandi.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Ágúst Jakob Ólafsson hefur komið víða við á löngum starfsferli sínum með nokkrum verktakafyrirtækjum en í dag starfar hann hjá ÍAV við uppsetningu upptakastoðvirkja snjóflóða á Ísafirði. Hann er fæddur á Patreksfirði árið 1962 og er því nærri heimahögunum á ný eftir margra ára dvöl við fjölbreytt störf víða um land. „Ég kann vel við mig á Ísafirði eins og á öllum þeim stöðum sem ég hef verið á enda er alls staðar gott fólk. Hér starfa ég við uppsetningu upptakastoðvirkja snjóflóða en þá setjum við upp stálvirki í fjallinu sjálfu sem eiga að halda snjónum kyrrum þannig að snjóflóð fari ekki af stað.“

Hann segir aðstæður oft erfiðar þar sem unnið er uppi í miðjum klettum og vinnan mest unnin í höndunum. „Á þessu stigi koma eiginleg tæki og vinnuvélar lítið við sögu en við erum með bora sem eru sérstaklega gerðir fyrir svona verkefni. Þessa bora þarf meira og minna að bera á milli staða en þeir eru þá teknir í sundur og færðir til. Í upphafi verks er öllum búnaði og efnum flogið upp með þyrlu og komið fyrir seinna í verkinu. Þegar undirstöður hafa verið boraðar inn er stoðvirkjunum sjálfum flogið upp og þau sett á sinn stað með aðstoð þyrlu.“

## Einstök upplifun

Eins og fyrr segir hefur Ágúst komið víða við á löngum starfsferli en hann starfaði m.a. við námuvinnslu og rannsóknir á Grænlandi. „Í lok árs 2009 tók ég þátt í verkefni sem sneri að enduropnun gullnámu á Suður-Grænlandi sem var mjög lærdómsríkt og spennandi. Þar gerðum við hvelfingar inni í fjallinu til að setja upp gullvinnslu en fram að þeim tíma hafði allt efni verið flutt til vinnslu á Nýfundnalandi og Spáni. Einnig vorum við í námavinnslu þar sem notuð voru sérhæfð tæki sem voru öll mjög lág, samanþjöppuð, húslaus og einungis með öryggisgrind yfir stjórnandanum. Þetta er mjög sérstök vinna en svona námuvinna átti ekki mjög vel við mig.“

Þremur árum síðar tók Ágúst þátt í rannsóknarvinnu á Norður-Grænlandi en þar var verið að leita að jarðefnum, aðallega járni. „Þar voru notaðir kjarnaborar sem eru mjög sérhæfðir, frekar litlir en geta þó borað niður á allt að 3-400 metra dýpi. Öll tæki voru flutt með þyrlum milli borstaða og einnig mannskapurinn daglega því borstaðir voru mjög dreifðir um svæðið, jafnvel í margra kílómetra fjarlægð frá bækistöðvum okkar. Það var einstakt að fá tækifæri til að upplifa þetta.“



Aðstæður eru oft mjög erfiðar þar sem unnið er uppi í miðjum klettum fyrir ofan Ísafjörð.



Útsýnið er svakalega fallegt úr hlíðunum fyrir ofan Siglufjörð.

## Margt hefur breyst

Hann segir aðbúnað fyrir stjórnendur vinnuvélar hafa breyst mjög mikið á þeim tíma sem hann hefur starfað í bransanum. „Þegar ég byrja um 1980 eru margar gamlar vinnuvélar í notkun. Það var alltaf kalt og rakt inni í tækjunum frá hausti fram á vor og síðan alltof heitt á sumrin. Glussakerfi voru ekki eins og í dag, stjórnstengur voru þungar og mikill hávaði fylgdi vélunum.

Yfirleitt lyktaði maður eins og glussatunna og ég var iðulega skítugur upp yfir haus af olíu og ryki. Í dag eru þetta góð og þétt hús sem svipar til þess að setjast í góðan bíl. Tækninni hefur líka fleygt fram með tilkomu GPS-kerfa og tækin eru miklu afkastameiri og nákvæmari þannig að verkefnin verða betur unnin.“

Hvar eru allir?

Stýrðu betur með forðastýringalausnum frá Trackwell




TrackWell • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • 5100 600




## **Stema** kerrur - þýsk gæðavara

Ásafl er umboðs- og þjónustuaðili Stema á Íslandi




Stema Basic 750

Verð kr. 124.900 m.vsk




Stema Basic 750 með grindar upphækkun

Verð kr. 209.000 m.vsk

**Ásafl ehf.**
Hjallahrauni 2 220 Hafnarfirði
www.asafl.is

**Sími: 562 3833**
Opið 8:30 – 17 virka daga
asafl@asafl.is

ÁSAFL 10 ÁRA 2007-2017

# Fyrirtækið vex og dafnar

## Upphafsmaður og stofnandi fyrirtækisins Guðmundur Jónasson var goðsögn í lifanda lífi vegna frumkvöðlastarfs í óbyggðaferðum og ferðaþjónustu. Nú er þriðja kynslóðin tekin við.

Guðmundur tók bílpróf árið 1929 og keypti sér vörubíl ári síðar. Árið 1931 keypti hann svokallað alþingishátíðarboddí. Þetta var kassi sem var settur á vörubíl og flutti fólk og varning. Það voru oft um 9-12 manns fluttir í svona bíl auk varnings. Þannig byrjuðu þessir farþegaflutningar hjá honum og þarna var grunnur lagður að fyrirtækinu,“ segir Stefán Gunnarsson, forstjóri Guðmundar Jónassonar ehf.

### Þriðja kynslóðin

„Nú er þriðja kynslóð að stýra skipinu,“ segir Stefán en hann er barnabarn Guðmundar. „Ég fékk að ferðast mikið með afa um fjöll og firnindi þegar ég var barn og unglingur. Ég þekki nánast hvern krók og kima á landinu og mikið af örnefnum. Ég þekki fólk víða um landið frá þessum ferðum hér áður fyrr með afa mínum. Ég lærði margt af ferðunum, m.a. hvernig á að bera sig að í svona ferðum um hálendið og hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir landinu og náttúrunni,“ segir Stefán. Hann rifjar upp að Guðmundur hafi síðan unnið fyrir Landssímann og Orkustofnun og séð um fólks- og vöruflutninga fyrir báðar stofnanir sem og fleiri aðila sem á þurftu að halda. Árið 1947 gaus Hekla og Guðmundur hafði nóg að gera við að keyra ferðamenn fram og til baka til að skoða Heklugosið.

### Brautryðjendastarf

„Guðmundur vann mikið brautryðjendastarf á sviði ferðaþjónustu fyrir erlenda ferðamenn með hálendisferðum sínum í árdaga ferðamennsku á Íslandi. Ófáar sögur eru til af Guðmundi, hvernig hann brást við hinu óvænta sem nánast var í hvert sinn í hálendisferðum þess tíma. Slóðar á hálendinu voru verri í þá daga og fóru illa með farartæki. Þurfti þá oft verulega útsjónarsemi til að ljúka ferðum og hana hafði Guðmundur í ríkum mæli. Guðmundur fann m.a. bílfært vað yfir Tungnaá sem heitir Hófsvað og opnaði bílfæra leið inn á hálendið til Veiðivatna og áfram yfir Sprengisand og norður yfir hálendið,“ segir Stefán.

Fjölskyldufyrirtækið hefur vaxið og dafnað síðan og tekur árlega við miklum fjölda erlendra ferðamanna. Árið 1961 keypti fyrirtækið fyrsta Mercedes-Benz hópferðabílinn af Ræsi, þáverandi umboðsaðila Mercedes-Benz á Íslandi. Þess má til gamans geta að þessi bíll er enn í eigu Guðmundar Jónassonar ehf. en hann var gerður upp að af miklum myndarskap fyrir nokkrum árum. Bílafloti fyrirtækisins í dag samanstendur af tæplega 30 Mercedes-Benz bifreiðum. „Við erum að færa fyrirtækið inn í nútímann og höfum endurnýjað bílaflotann mjög mikið. Við höfum einungis keypt Mercedes-Benz bifreiðar síðan árið 1961,“ segir Stefán. Fyrirtækið hefur keypt alls 157 Mercedes-Benz bifreiðar á þessum 58 árum. Nýjasti bíllinn í flotanum er glænýr Mercedes-Benz Tourismo sem kom í ársbyrjun. Það var uppfærsla á honum nýverið og við fengum fyrsta eintakið af nýrri kynslóð bílsins. Meðalaldur bílaflotans er nú um fjögur ár. Allir bílar okkar eru með salerni og þráðlausu neti, vel búnir, nýir eða nýlegir og fara vel með farþega og starfsmenn.“



Stefán Gunnarsson, forstjóri Guðmundar Jónassonar, stendur hér við gömlu rútuna. MYND/SIGTRYGGUR ARI

### Samkeppnin er mikil

Stefán segir að eftir að ferðaþjónustan varð heilsárs atvinnugrein sé alltaf nóg að gera. „Samkeppnin er mikil. Bílstjórar okkar fara á námskeið erlendis og þurfa að fara í gegnum endurmenntun atvinnubílstjóra sem þarf að klárast fyrir september í haust.“

Stefán segir að fyrirtækið hafi verið frumkvöðull að því að keyra hringferðir í kringum landið í hverri viku, allan ársins hring. „Við erum að gera okkar í því að koma ferðamönnum sem víðast og breiðast um landið en ekki láta þá bara hanga hérna á suðvesturhorninu,“ segir hann.

Ferðaþjónustufyrirtækið býður einnig upp á fjölþættar ferðir fyrir Íslendinga erlendis að sögn Stefáns. „Auk þeirra ferða sem finna má á heimasíðu fyrirtækisins þá hefur það getið sér gott orð fyrir skipulagningu ferða fyrir hina ýmsu sérhópa, s.s. starfsmannafélög, húsmæðraorlof, kvenfélög, námsferðir og útskriftarhópa.“

Um 60 manns starfa hjá fyrirtækinu. Þá er fjöldi fólks sem vinnur í hlutastörfum. Höfuðstöðvar fyrirtækisins fluttu árið 2016 frá Borgartúni út á Kársnesið en þær höfðu verið í Borgartúninu frá árinu 1961.



# HÖRKUTÓL SEM ENDIST




**RAM 3500 CREW CAB**
**VERÐ FRÁ KR.**
**5.960.000 ÁN VSK**
**7.390.000 MEÐ VSK**

6700cc Cummins dísel 370 hö / 385 hö (með AISIN sjálfkskiptingu), 6 gíra sjálfskiptur. Fáanlegur í SLT, Laramie og Limited útfærslum.




**RAM 3500 LIMITED**
**40" BREYTTUR**

Bjóðum upp á 37" og 40" breytingar

RAM

# 7 MANNA LÚXUSJEPPI



**DODGE DURANGO GT VERÐ FRÁ KR. 9.290.000**

Helsti staðalbúnaður: 3600cc bensín V6 290 hö. 8 gíra sjálfskiptur, leðurklæðning, hiti í framsætum og fyrir farþega í annari röð, upphitað stýrishjól, hraðastillir, upphitaðir hliðarspelgar, 8,4" snerti margmiðlunarskjár, 20" álfelgur, LED aðal- og stöðuljós, lykillaust aðgengi, bakkmyndavél, aðgerðarstýri, Bluetooth til að streyma síma og tónlist, aðfellanlegir hliðarspeglar, minni í bílstjórasæti, útvarpi og speglum, ofl.

DODGE

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI DODGE OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6
270 MOSFELLSBÆR • SÍMI: 534 4433 • WWW.RAMISLAND.IS • WWW.DODGE.IS • WWW.ISBAND.IS

CITROËN JUMPY

FJÖLHÆFUR & STERKUR

TILBOÐSVERÐ FRÁ 2.459.000 KR. ÁN VSK
3.050.000 KR. MEÐ VSK




BAKKAÐU AF ÖRYGGI



Nálægðarskynjarar að aftan

LENGDIN SKIPTIR MÁLI



MODUWORK - aukið flutningsrými




Þrjár lengdir í boði – allt að 4 metra flutningsrými

KOMDU & MÁTAÐU CITROËN JUMPY Í DAG!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050






Epli á dag kemur heilsunni í lag og er frískandi snarl þegar löngun í sætt gerir vart við sig. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sælkeralíf í bílnum

**Það getur verið áskorun að standast freistandi skyndibita í sjoppum við þjóðveginn og því gott að útbúa heilnæmt nesti. Það sparar tíma, gefur betri fyllingu og meiri orku.**


**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is




Maulaðu ávexti og grænmeti. Hafðu kælibox í bílnum með frískandi gulrótum, blómkáli, papriku, radísum, eplum og appelsínum. Athugaðu að tómatar og vatnsmikil ber geta valdið blettum í sætum. Settu hummus, lárperumauk eða uppáhaldssósuna í lítil box sem ídýfu. Þeytingar (e. smoothies) eru líka frábær kostur í kæliboxið og hjálpa til við að uppfylla fimm ávexti eða grænmeti yfir daginn.



- Prótínrík fæða gefur orku og saðningu. Hafðu girnilega ostbita, jógúrt, harðfisk og harðsoðin egg í kæliboxinu, og ostakex, hnetusmjör, orkustykki og hnetur til taks, sem og túnfisk í dós til að uppfylla prótínþörf líkamans.
- Þegar kemur yfir þig brennandi löngun í saltað snakk skaltu velja saltlitlar saltstangir fram yfir kartöfluflögur. Granóla- og hnetustykki eru sömuleiðis heilsusamlegur kostur en þá er skynsamlegt að skoða sykurinnihaldið. Venjulegt poppkorn er líka tilvalið snakk.
- Hafið nóg af fersku, köldu vatni í kæliboxinu í stað þess lifa á gosdrykkjum. Heitt kaffi á brúsa er huggulegt, en drekktu það í hófi. Mundu að ávaxtasafar eru uppfullir af ávaxtasykri og stundum viðbættum sykri í ofanálag. En ef þú þráir gosdrykk, veldur þá sykurskerta kostinn.

**» Hafðu girnilegan ost, jógúrt, harðfisk og harðsoðin egg í kæliboxi í bílnum, og hollt ostakex, hnetusjör, orkustykki og hnetur til taks, sem og túnfisk í dós til að uppfylla prótínþörf líkamans.**

- Ef þú ætlar að splæsa í skyndibita veldu þá hollan rétt af matseðlinum. Forðastu fituríkan mat því hann gerir þig þreyttan eftir á. Margir staðir bjóða upp á góð og matarmikil salöt í aðalrétt.
- Reyndu að plana vikuna fram í tímann svo að þú eigir til kjarngóðan og freistandi mat í bílnum. Árangur þess að borða hollar sýnir sig fljótt og þér líður enn betur í vinnunni.

# STYRKUR
## & ÁREIÐANLEIKI

YANMAR










**SÖLUHÆSTU**
**SMÁGRÖFUR Á ÍSLANDI**

# 2015
# 2016
# 2017

YANMAR

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
534 6050 | merkur@merkur.is | **www.merkur.is**

MERKÚR

# Fjögurra ára undir stýri

Hanna Jónsdóttir vöruhönnuður er forfallinn vinnuvélanörður. Hún ólst upp við alls kyns græjur í sveitinni og tekur af sér sjálfu hvar á landinu sem hún rekst á gamlan og litríkan traktor.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Ég er alin upp í Suðursveit þar sem pabbi minn á ekki bílskúr heldur vélageymslu! Pabbi á líka ýtu eða breskan nalla IH BTD20 og sem dæmi um hvernig vélarnar tengjast mér þá var pabbi búinn að vinna á ýtu samfleytt í 2 sólarhringa áður en að ég fæddist, tvítugur að gera nýjan veg í Hvalnesskriður. Við tók nokkurra klukkutíma akstur í sjúkrabíl 21. desember til Reykjavíkur á fæðingardeildina. Það fóru hjólin að rúlla ef svo má segja, það er að segja hjá mér," segir Hanna Jónsdóttir, vöruhönnuður og forfallinn vélanörður. Hún er með vinnuvélaréttindi á súrálsbíl og lyftarapróf en var sest undir stýri í sveitinni löngu áður en hún náði grunnskólaaldri.

„Fjögurra ára var mér komið fyrir í sæti á Zetor og hann settur í lága drifið. Þetta var mitt fyrsta djobb og Zetorinn besta barnapían á svæðinu," rifjar Hanna upp. „Þá var verið að græða tún á Steinasandinum og foreldrar mínir gengu á eftir traktornum og hentu steinum upp á sturtuvagninn. Þau skutust inn í Zetorinn til mín öðru hvoru, í stærri beygjunum. Löngu seinna vann ég á súrálsbíl í tvö ár. En reyndar er orðið langt síðan ég tók í lyftarann," segir Hanna.

Alls konar vélar höfði til hennar og hvar sem hún rekst á gamlan traktor eða gröfu á ferðalögum smelli hún af sér mynd með vélinni.

„Ég lærði á ferðalögum fjölskyldunnar um landið að horfa eftir dráttarvélum á bæjunum. Á sumum stöðum var þeim komið þannig fyrir að þær urðu viðkomustaður og gott myndefni. Ég horfi á þessar vélar með blik í augum og rifja upp hossinginn og vesenið á manni í gegnum tíðina í alls konar tækjum. Það stendur líka rosalega flottur krani við Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar áÞingeyri sem smíðaður var í denn þegar ekki var hægt að landa upp úr togara. Græjan er enn þá nothæf. Þarf bara að stinga henni í samband. Svo hef ég mikið dálæti á pallbílum af gerðinni Toyota Hilux árgerð '92.

*Eftir hverju horfirðu á vélunum?*

Það er byggingin sjálf og þá leita ég eftir sem þynnstum brettum og sjáanlegum hjólabúnaði. Svo eru það litirnir. Það eiga líka margir svo góðar sögur af sinni fyrstu dráttarvél.

Ég man enn þá daginn sem pabbi renndi í hlaðið á Massey Fergusoninum 390T. Það var mómet. Ég hef verið 14 ára. Vélin var svo risastór fannst mér og splunkuný og ekki keyrð nema 400 km, eða úr Reykjavík. Fyrsta fjórhjóladrifna vélin í sýslunni og heil 90 hestöfl!

*Ertu þá kannski meðlimur í Fergusonfélaginu?*

„Nei, hvar sækir maður um?"

En þrátt fyrir minninguna þegar glansandi Fergusoninn og fyrsta starfið á Zetornum á Hanna þó aðra uppáhaldsvélategund.

„Ford – allan daginn. Það er hægt að keyra svo hart á honum og svo er hann með gæru í sætinu þessi sem ég er með í huga. Það gerir gæfumuninn. Ég skil fólk sem klappar traktornum sínum á húddið."



Hanna Jónsdóttir tekur af sér sjálfu við vinnuvélar sem hún rekst á á ferðalögum. MYNDIR/HANNA JÓNSDÓTTIR



Gamli kraninn á Þingeyri. Hanna segir hann virka ennþá, það þurfi bara að stinga honum í samband!



Hanna hefur sérstakt dálæti á Toyota Hilux '92 árgerð.





Massey Ferguson tengist æskuminningum Hönnu úr Suðursveit.

555-8000 : velanaust.is
VÉLANAUST ehf
wallas®





(Eldavél og miðstöð)



Olíumiðstöðvar og ofnar í báta og sumarbústaði


BOLTBUS
Höfum stóraukið úrval
bremsuvarahluta fyrir
vagna, rútu- og vörubifreiðar
et EHF.
VERSLUN
Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is


Kubota smágröfur
Kubota
Eigum fyrirliggjandi
nokkarar útgáfur af
Kubota smágröfum.
Kubota eru mest seldu
smágröfur í Evrópu.
Verið velkomin til okkar
að Krókhálsi 16 og kynnið
ykkur vélarnar nánar.
Alltaf heitt á könnunni.
U27-4
ÞÓR HF
REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500
AKUREYRI:
Baldursnesi 8
Sími 568-1555
Vefsíða:
www.thor.is

# Bílstjórinn fúll eftir tapleiki

**Gjaldkeri körfuknattleiksdeildar Tindastóls, Björn Hansen, keyrir liðið á útileiki í sautján manna Benz Sprinter árgerð 2012. Stemningin í bílnum er yfirleitt góð en þó sérstaklega eftir sigurleiki.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Gjaldkeri körfuknattleiksdeildar Tindastóls, Björn Hansen, gegnir mörgum hlutverkum eins og algengt er í íþróttastarfi víða um land. Verkefnin eru alltaf næg hjá deildinni auk þess sem hann hefur m.a. það hlutverk að keyra liðið á útileiki og notar til þess sautján manna Benz Sprinter árgerð 2012.

Það gengur á ýmsu á löngum ferðum og stemningin er eðlilega misgóð eftir árangri liðsins, veðri og ýmsum öðrum þáttum. „Ég reyni mitt besta til að halda leikmönnum léttum og einbeittum og samskipti milli okkar eru nokkuð góð. Þannig reyni ég að mæta á sem flestar æfingar hjá liðinu svo ég geti fundið hvernig þeim líður. Við gleðjumst saman og huggum hver annan þegar þess þarf.“ Sjálfur hefur Björn aldrei haft atvinnu af vörubíla- eða rútuakstri eða keyrt vinnuvélar utan gámalyftubíls og lyftara.

## Léttur vetur að baki

Liðinu gekk vel í vetur og því óhætt að segja að leiðin heim hafi oftast verið ánægjuleg, segir Björn. „Stemningin í bílnum er yfirleitt góð eftir alla leiki en þó sérstaklega eftir sigurleiki. Það er helst að bílstjórinn sé fúll eftir tapleiki. Það er þó alltaf spurning um hvernig leikir tapast, mestu máli skiptir að allir séu ómeiddir og komi heilir heim.“

Hann segir nýliðinn vetur hafa verið frekar léttan varðandi veður og færð. „Það var helst heimleiðin eftir bikarhelgina sem var mjög eftirminnileg. Annars hafa þessar ferðir sumar hverjar verið ansi skrautlegar gegnum árin enda veðrið og færðin oft mjög slæm yfir háveturinn víða um land.“

## Geðveik heimferð

Lið Tindastóls varð bikarmeistari fyrr í vetur en titillinn var sá fyrsti stóri sem liðið landar í sögu þess. Það er því óhætt að segja að kátt hafi verið á hjalla á leiðinni heim í Skagafjörðinn. „Ferðin heim var alveg geðveik. Við þurftum auðvitað að flýta okkur eins og hægt var því það beið eftir okkur heilt sveitarfélag og rúmlega það til að fagna með okkur.“

## Túristar til vandræða

Hann merkir greinilega breytingu á umferðinni síðustu árin og þar spila erlendir ferðalangar stóra rullu. „Erfiðustu partar leiðarinnar eru þeir þar sem túristar eru algengir. Undanfarin ár hefur þeim fjölgað mjög mikið og hratt en flestir eru ömurlegir bílstjórar sem eru meira í því að skoða landið en að hugsa um að aka bíl. Verst er þetta á nóttunni þegar þeir eru að glápa á norðurljósin og hafa öll ljós slökkt og standa bara á veginum og í vegkantinum.“


Gjalderinn Björn Hansen ásamt eiginkonu sinni Eddu Haraldsdóttur.


Björn keyrir sautján manna Benz Sprinter, árgerð 2012, til að koma liðinu á útileiki.


Á langkeyrslum um landið gefst nægur tími til að láta hugann reika.

## Vissir þú ...

... að á Nýja-Sjálandi er búið að reikna út að metangas úr vindgangi einnar kindar getur knúið lítinn sendibíl 40 kílómetra á dag?

... að aðeins einn kvenkyns vörubílstjóri starfar í Pakistan?

... frumraun leikstjórans Stevens Spielberg í sjónvarpi var kvikmyndin Duel (1971), um stríð mótorhjólamanna við brjálaðan vörubílstjóra?

... að bandaríska konan Lillie McGee Drennan varð fyrst kvenna til að fá meirapróf á vöruflutningabíl, árið 1929. Hún ferðaðist ætíð með byssu í vinnunni.

... að sjö prósent bílstjóra á vöruflutningabílum hugsa um mat, drykk og kynlíf á keyrslunni, samkvæmt könnun árið 1997?

... og að 35 prósent ökumanna hugsa um fjölskylduna sína í akstrinum en 16 prósent ekki um nokkurn skapaðan hlut?

... að orðið trukkur (e. truck) var fyrst notað í ensku máli árið 1611 og var þá vísað í litla kerru undir fallbyssur á herskipum?

... að orðið vörubíll (e. lorry) var fyrst notaði í ensku árið 1838 fyrir farangursvagn á lestum?

**» Hugur 7 prósenta atvinnubílstjóra dvelur við mat, drykk og kynlíf á meðan keyrslu stendur, samkvæmt könnun frá árinu 1997.**

**Verktakar, Iðnaðarmenn, Húsbílaeigendur**



Eigum á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 6 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



**Startarar og alternatorar**

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



**Þjónusta í 60 ár 1957-2017**

BOSCH DENSO Valeo

LJÓSBOGINN ehf.

**Bíldshöfða 14 sími 553-1244**
ljosboginn.is ljosboginn@ljosboginn.is

OK VARAHLUTIR

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • s: 696 1050 • okspares@okspares.is

**Vinnuvéladekk**

**Vorum að fá nýja sendingu!**

**Bjóðum tilboðsverð á ýmsum stærðum af vinnuvéladekkjum meðan birðir endast**






Snorri Árnason, sölustjóri vinnuvéla, og Hjálmar Örn Arnarson, sölumaður vinnuvéla, á nýju Caterpillar gröfunni. MYNDIR/EYÞÓR

# Öflug þjónusta og ný tækni

**Klettur selur hágæða vörubíla og vinnuvélar og veitir góða og alhliða þjónustu. Þar er hægt að fá nýjustu tækin frá Caterpillar, sem auka afköst og öryggi með aukinni tölvuvæðingu og sjálfvirkni.**

Fyrirtækið Klettur sérhæfir sig í sölu á vörubílum og vinnuvélum og þjónustu við tækin. Klettur er umboðsaðili fyrir vinsæl og leiðandi vörumerki og leggur mikla áherslu á að bjóða góða þjónustu, hvenær sem hennar er þörf.

„Klettur var stofnað árið 2010, þegar fyrirtækið tók yfir reksturinn á vélasviði Heklu, en sagan á rætur að rekja til 1947, þegar Hekla varð umboðsaðili Caterpillar á Íslandi,“ segir Bjarni Arnarsson, framkvæmdastjóri sölusviðs. „Við erum umboðsaðilar fyrir allar Caterpillar vörur, vinnuvélar, bátavélar, rafstöðvar og lyftara, Scania vörubíla og rútur, Goodyear og Dunlop dekk og Ingersoll Rand loftpressur. Það er meginkjarninn í okkar starfsemi.

Höfuðstöðvarnar okkar eru í Klettagörðum, þar sem við höfum 4.300 fermetra aðstöðu sem er sú besta sem völ er á,“ segir Bjarni. „Hjá fyrirtækinu starfa 96 starfsmenn og stærsti hluti þeirra sinnir þjónustu, þar sem við leggjum mikið upp úr henni.“

„Við skilgreinum okkur í raun sem þjónustumiðað fyrirtæki og nálgumst sölu út frá þeirri hugmynd að veita góða þjónustu,“ segir Snorri Árnason, sölustjóri vinnuvéla.

„Við höfum fulltrúa á landsbyggðinni, á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki og í Vestmannaeyjum,“ segir Bjarni. „Við rekum líka dekkjaþjónustu í Klettagörðum, sem er bæði fyrir fólksbíla, vörubíla og vinnuvélar




Klettur byrjaði nýlega að að selja nýja kynslóð af beltagröfum frá Caterpillar, en þær eru af gerðinni 320 og 323.

og höfum útibú í Hátúni í Reykjavík og Suðurhrauni í Garðabæ.“

### Fyrsta flokks þjónusta með nýjustu tækni

„Það er eitt að kaupa tæki af okkur til vinnu, en ef þú færð ekki þjónustu gagnast tækið þér lítið og fjárfestingin skilar sér ekki. Tækjaflotinn þarf að ganga þegar mikið liggur við,“ segir Bjarni. „Þess vegna erum við alltaf til staðar ef eitthvað kemur upp á og getum brugðist skjótt við. Við leggjum mjög mikið upp úr því að bjóða góða þjónustu þegar fólk þarf á henni að halda. Að öllu jöfnu höfum við menn á bakvakt allan sólarhringinn, 365 daga á ári, bæði í varahlutum, hjólbarðaþjónustu og viðgerðum. Við erum líka með mjög langan opnunartíma. Á vörubílaverkstæðinu erum við til dæmis með opið frá klukkan 7.45 á morgnana til 23.30 á kvöldin.

Við erum með öfluga varahlutaþjónustu og ef við eigum ekki hlutinn til fáum við hann sendan til okkar á skömmum tíma. Oftast er það sem er pantað fyrir hádegi einn daginn komið fyrir hádegi þann næsta,“ segir Bjarni. „Svo pössum við vel upp á að uppfylla allar kröfur birgjanna okkar hvað varðar starfsfólkið, sem þýðir að það er mikil áhersla á endurmenntun og að allir fylgist með tækniframförum.

Talandi um tækniframfarir, þá erum við með ný kerfi frá bæði

> **Við leggjum mjög mikið upp úr því að bjóða góða þjónustu þegar fólk þarf á henni að halda.**

Caterpillar og Scania sem gera okkur kleift að fylgjast með tækjum, sjá ástand á þeim og greina hugsanleg vandamál í gegnum gervihnött,“ segir Bjarni. „Ef það er eitthvað sem þarf að endursetja getum við jafnvel gert það líka án þess að tækið komi til okkar, sem er frábært, sérstaklega fyrir fyrirtæki með stóra bílaflota.“

### Meiri sjálfvirkni eykur afköst og öryggi

„Við höldum ákveðinn lager af minni og meira alhliða vinnutækjum, en það er líka hægt að sérpanta hjá okkur ýmis sérhæfðari tæki,“ segir Snorri. „Við erum til dæmis nýbyrjaðir að selja nýja kynslóð af beltagröfum frá Caterpillar, fyrstu vélarnar af þessari gerð eru komnar til landsins, þær eru af gerðinni 320 og 323.“

„Það sem er kannski helst nýtt í þessum gröfum er að það er komið innbyggt GPS vélstýringarkerfi í þær sem sýnir gröfustjóranum gröfuarminn og allt annað í þrívídd út frá teikningunum sem er verið að vinna eftir,“ segir Bjarni. „Þannig að gröfustjórinn sér til dæmis stöðuna á skóflunni, dýptina sem hann er búinn að grafa og annað slíkt á skjá. Þetta gefur stjórnandanum miklu betri yfirsýn yfir verkið en venjulega og minnkar þörfina á utanaðkomandi mælingavinnu.

Það er líka innbyggð vigt, þannig að tækjastjóri getur séð þyngdina á efninu sem hann hefur í skóflunni og ef hann er til dæmis að moka á vörubíl getur hann stillt inn hámarksþyngd svo hann yfirhlaði bílinn ekki,“ segir Bjarni.

„Þetta kerfi gerir það líka að verkum ef menn eru að taka skurð með vatnshalla út af lögnum eða slíku, þá er hægt að stilla það inn í kerfið svo vélin taki þennan halla sjálfkrafa,“ segir Snorri. „Það er líka hægt takmarka hversu mikið vélin snýst, þannig að ef það er til dæmis verið að vinna nálægt umferð er hægt að búa til svokallaða rafræna girðingu, þannig að það sé ekki hægt að snúa vélinni þannig að hún fari út í umferðina.“

„Það er alls kyns svona búnaður í þessum vélum, sem bæði snýr að öryggi og hjálpar stjórnandanum að vinna vinnuna sína,“ segir Bjarni.

„Þetta GPS-kerfi er líka orðið staðalbúnaður í öllum jarðýtum frá CAT,“ segir Snorri.

„CAT hefur gert tækin sjálfvirkari, þannig að það er auðveldara fyrir lítið reynda tækjastjóra að ná sömu afköstum og mjög reyndir,“ segir Bjarni. „Þessi nýju tæki eru líka með snertiskjá í mælaborðinu, þannig að það er auðvelt að nota hann og hann hentar ungum og upprennandi tækjastjórum vel. Það hafa orðið mjög hraðar framfarir í þessum tækjum með tölvuvæðingunni.“

# Hægri umferð í 50 ár

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samgöngustofa bjóða til athafnar 31. maí kl. 10-10.30 í tilefni af því að þann 26. maí voru liðin 50 ár frá því að hægri umferð var tekin upp á Íslandi.

Athöfnin fer fram fyrir framan Skúlagötu 4 (Sjávarútvegshúsið) en það var einmitt þar sem fyrst var ekið, með formlegum hætti, af vinstri akrein yfir á þá hægri snemma að morgni 26. maí 1968, á H-deginum svokallaða. Með miklu og samhentu átaki í aðdraganda þessarar breytingar var lagður grunnur að vitund Íslendinga um ábyrgð sína í umferðaröryggismálum og mikilvægi forvarna og fræðslu.

Lokað verður fyrir almenna umferð við Skúlagötu 4 meðan á athöfninni stendur. Ávörp flytja þeir Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Þórólfur Árnason forstjóri Samgöngustofu. Valgarð Briem, sem var formaður framkvæmdanefndar hægri umferðar, mun aka með sama hætti og á sama bíl og hann gerði fyrir 50 árum. Í kjölfarið ekur nýútskrifaður bílstjóri á sjálfkeyrandi bifreið og fleiri ökutæki fylgja á eftir til að minnast tímamótanna.



**Mynd tekin 26. maí 1968 á þaki Lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu þegar skipt var í hægri umferð.** MYND/GVA



**Þessi Daimler AG Freightliner Cascade vörubíll var til sýnis á IAA fyrir tveimur árum.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Akstur morgundagsins

Alþjóðlega bílasýningin, IAA, er mikilvægasta sölusýning í heimi þegar kemur að bifreiðum og flutningum. Sýningin fór fyrst fram árið 1897 og þá voru aðeins átta bílar til sýnis. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og árið 1991 var ákveðið að skipta sýningunni í tvær sýningar sem færu fram til skiptis. Í Frankfurt á oddaárum eru fólksbílar til sýnis en í Hanover á sléttum árum eru flutninga- og fólksflutningabifreiðar kynntar. Sýningin er opin bæði fagfólki og almenningi og er fullkominn vettvangur fyrir áhugasama til að mynda viðskiptatengsl og ljúka samningum. Enn fremur eru tækninýjungar kynntar á sýningunni og haldnir fyrirlestrar um rannsóknir og öryggismál svo dæmi séu tekin. IAA fer fram í Hanover dagana 20.-27. september og yfirskriftin í ár er „Driving Tomorrow“ sem bæði er hægt að þýða sem Ekið á morgun og Akstur morgundagsins.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.iaa.de.



**Leigubílstjórar í Singapúr fengu skrefamæli til að hvetja þá til að stíga út og hreyfa sig.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Skrefin talin á milli farþega

Þegar setið er lengi við vinnu getur líkaminn orðið stirður og aumur og verkir gera vart við sig. Þetta á ekki síst við um fólk sem vinnur við að keyra bíla, jafnvel langar vegalengdir á dag. Þess vegna er mikilvægt að taka sér tíma af og til og standa upp og teygja vel úr sér. Það er vel hægt að finna stæði hér og þar til að leggja bílnum, stíga út úr honum í smástund og koma blóðinu af stað. Í Singapúr var gert átak til þess að bæta heilsu og líðan leigubílstjóra og hluti þeirra fékk skrefamæli í þeim tilgangi. Þeir notuðu svo tækifærið þegar tími gafst til. t.d. þegar þeir biðu eftir næsta farþega, og gengu nokkra hringi í kringum leigubílinn sinn. Þetta átak gafst vel og hvatti leigubílstjórana til að hreyfa sig meira og þeir urðu meðvitaðri um hvað þeir gengu mörg skref á hverjum degi, enda telur hvert einasta skref þegar kemur að heilsunni.

» **Þegar lengi er setið við vinnu er gott að taka sér pásu, standa upp og teygja vel úr sér.**





Ólöf Kristín Sívertsen, lýðheilsufræðingur og kennari. MYND/STEFÁN

# Skemmtileg hreyfing er algjört lykilatriði

**Ólöf Kristín Sívertsen, lýðheilsufræðingur og kennari, hélt skemmtilegan og áhugaverðan fyrirlestur í síðustu viku sem ber heitið Gerir hreyfing okkur hamingjusöm?**


Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is




Síðasta miðvikudag hélt lýðheilsufræðingurinn og kennarinn Ólöf Kristín Sívertsen fyrirlesturinn Gerir hreyfing okkur hamingjusöm? sem haldinn var á vegum Félags um jákvæða sálfræði. Ólöf hefur starfað um margra ára skeið við heilsueflingu í skólasamfélaginu og er m.a. verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags í Mosfellsbæ sem var fyrst sveitarfélaga til að taka þátt í því samstarfi við Embætti landlæknis. „Það eru orðin mörg ár síðan ég fór að velta fyrir mér hvaða þættir það væru sem hefðu áhrif á líkamlega, andlega og félagslega heilsu okkar og hvernig við gætum nýtt þá vitneskju til góðs. Hreyfing er einn af þessum þáttum sem flestir tengja beint við líkamlega heilsu en kannski ekki endilega við hamingju. Nýlegar rannsóknarniðurstöður benda því miður til þess að kvíði og þunglyndi sé að aukast í samfélaginu og því er svo spennandi ef við náum að nýta hreyfinguna á markvissan hátt til að auka hamingju og draga þar með úr þunglyndi og kvíða.“

## Jafnvægi, sátt og frelsi

*En hver skyldi niðurstaða Ólafar vera, gerir hreyfing okkur hamingjusöm?*

„Það eru til margar skilgreiningar á hamingju en segja má að hún felist í ákveðnu jafnvægi, sátt og frelsi. Hamingja snýst ekki um það að vera í sjöunda himni öllum stundum heldur frekar um viðhorf okkar til þeirra áskorana sem við mætum í daglegu lífi og hvernig við tökumst á við þær. Talað er um að þeir sem eru hamingjusamir séu heilbrigðari og lifi lengur, eigi í betri félagslegum samskiptum og séu afkastameiri.“

Hún bendir á að rannsóknir hafi sýnt fram á að við hreyfingu fari af stað líffræðileg atburðarás þar sem aukið blóðflæði skilar auknu súrefni og næringarefnum til bæði vöðva og heilafruma sem eykur starfsemi þeirra. „Það svæði heilans sem kallast dreki (e. hippocampus) er minna hjá þeim sem þjást af þunglyndi en það svæði tengist m.a. skapi, hugsun og tilfinningum. Hreyfing styður við vöxt og tengingar taugafruma í drekanum en slíkt bætir heilastarfsemi og líðan og dregur úr þunglyndi. Sýnt hefur verið fram á að hreyfing geti í sumum tilfellum verið jafn áhrifarík og jafnvel áhrifaríkari en lyf.“

## Finna hreyfingu við hæfi

Ekki nóg með það heldur eykst flæði á vellíðunarefninu endorfíni við hreyfingu að sögn Ólafar; hún getur verið vörn gegn hjartasjúkdómum og sykursýki, dregið úr háþrýstingi, haft góð áhrif á gigt og stuðlað að betri svefni. „Þess utan getur hreyfing stuðlað að bættu sjálfstrausti, aukið félagslega virkni okkar og verið okkur verkfæri til að takast meðvitað á við líðan okkar. Síðast en ekki síst gegnir hún jafnframt mikilvægu hlutverki til að viðhalda góðri andlegri heilsu og hamingju.“

Það er því óhætt að segja að hreinlega allt mæli með daglegri hreyfingu enda eiga börn að hreyfa sig í a.m.k. 60 mínútur á dag og fullorðnir í a.m.k. 30 mínútur samkvæmt opinberum ráðleggingum frá Embætti landlæknis, segir Ólöf. „Mikilvægt er að hver og einn finni sína uppáhaldshreyfingu því þar eru einmitt mestu verðmætin fólgin, í skemmtilegri hreyfingu sem við gerum að reglulegum og órjúfanlegum hluta af okkar daglega lífi.“

## Skólar í lykilhlutverki

Hver og einn einstaklingur ber að sjálfsögðu ákveðna ábyrgð á eigin heilsu og vellíðan en það er svo óendanlega margt sem samfélagið getur gert til að auðvelda okkur að taka heilsusamlegar ákvarðanir og lifa heilbrigðu lífi, segir Ólöf. „Þar eru skólarnir okkar lykilaðilar því þar erum við að leggja grunn að hefðum og venjum komandi kynslóða. Við þurfum að auka áherslu á hreyfingu í skólasamfélaginu á öllum skólastigum.“

Annar hópur sem Ólöf vill nefna sérstaklega eru eldri borgarar. „Við lifum lengur en áður og því fjölgar hratt í eldri aldurshópum. Það er ekki síður mikilvægt fyrir þennan hóp að stunda reglulega hreyfingu því öll viljum við vera sjálfbjarga og heilbrigð sem lengst. Þarna fara hagsmunir okkar sem einstaklinga og samfélagsins saman.“

## Alltaf pláss fyrir hreyfingu

*En hvaða ráð hefur Ólöf til þeirra sem hreyfa sig lítið en langar gjarnan að bæta úr því?*

„Við getum öll bætt hreyfingu inn í daglegt líf okkar. Það er um að gera að byrja smátt og bæta síðan við, njóta þess að finna aukna vellíðan og hvað við styrkjumst sem hvetur okkur til stærri sigra.“

Hún segir t.d. tilvalið að reyna að ganga eða hjóla meira. Einnig að nota bílinn minna, leggja lengra frá ef við notum bílinn og taka stigann í staðinn fyrir lyftuna. „Höfum hugfast að við þurfum ekki endilega að fara í ræktina til að hreyfa okkur. Lykilatriði er að finna þá hreyfingu sem okkur finnst skemmtileg.“

## Stutt í náttúruna

Hún bendir einnig á ýmis landsverkefni á borð við Hreyfiviku UMFÍ, Lífshlaupið, Göngum í skólann, Lýðheilsugöngur FÍ og fleiri verkefni. „Þar er fullt af fólki sem er að auðvelda aðgengi okkar að hreyfingu með skemmtilegri umgjörð og skipulagningu og auðvitað eigum við að taka þátt.“

Auk þess erum við Íslendingar svo vel í sveit sett að um nánast allt land er stutt í náttúruna og fjölmörg útivistarsvæði við allra hæfi. „Þar má nefna gönguleiðir á jafnsléttu, fell og fjöll af öllum stærðum og gerðum, hjólaleiðir, leikvelli, golfvelli, fjörur, útiæfingatæki, tröppur, þúfur og ótalmargt fleira sem við eigum að nýta okkur. Ég skora því á alla landsmenn að stunda reglulega hreyfingu og útivist og stuðla þannig að bættri líðan og hamingju.“










## Bílar & Farartæki



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



Carina 96 ekinn 161þ. Topp ástand og útlit. Verð 400.000- tilboð S:8622204

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Hjólhýsi



Adria Action 2015 Verð:3.390.000 kr. Vel útbúið hjólhýsi. Er á loftpúðum (Breytir) þrýstikútur og sjálfvirk hæðastilling. Isabella fortjald með carbon súlum, alpine útvarpi og fl. Uppl. í s:894-5252

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vön. Uppl. í s. 783 5886

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is




## Keypt & Selt

### Til sölu







**LAGERSALA 30-70% AFSLÁTTUR !**
Úrval af girðingaefni til sölu. ÍsBú Síðumúla 29, inngangur að neðanverðu. S. 5629018

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd

**NUDD**
Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

### Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com





586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pipara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


Útvegum starfsmenn

**TIL FJÖLBREYTTRA STARFA UM LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA**

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta 551 5000

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is




SANDGERÐISBÆR

## Verkefnastjóri við Sandgerðishöfn

Sandgerðishöfn óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra til starfa. Starfið hentar konum jafnt sem körlum.

**Lýsing á starfinu:**
- Dagleg verkstjórn á höfninni og skipulagning
- Vigtun og skráning sjávarafla
- Afgreiðsla á vatni og rafmagni til skipa
- Raða skipum í höfn
- Eftirlit með bátum og skipum í leguplássum
- Eftirlit með öryggisbúnaði og tækjum
- Gerð reikninga
- Þrif á bryggjum og umhirða hafnarsvæðis
- Almennt viðhald á hafnarsvæðinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Grunnmenntun
- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Reynsla og þekking á störfum í sjávarútvegi og hafnsækinni starfsemi æskileg
- Réttindi á hafnarvog er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

**Vinnutími:**
- Vaktavinna í 100% starfi

**Launakjör:**
- Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag

**Umsóknarfrestur er til og með 9. júní nk.**

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á netfangið sandgerdi@sandgerdi.is eða á skrifstofu Sandgerðisbæjar; Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði, merkt **„Verkefnastjóri við Sandgerðishöfn"**

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í síma 4207500


Allt blautt?
Örfá tæki eftir á tilboði
39.990

Stjórnaðu loftrakanum
Kemur í veg fyrir myglu
Sjálfvirk rakastýring
Eykur þurrkhraða á dóti
Rétt rakastig skiptir máli!
Þurrkbox
Ekkert rafmagn!
Settu í ferðahúsið til að draga úr sagga auka líftíma hússins.

2 fyrir 1
Kraftviftur

Tilboð Frá 9.990
Viftur
VORTICE

Gluggaviftur
Loftviftur
Útsogsviftur
viftur.is
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata
íshúsið

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Suðaustan 10-18 í dag, skýjað og rigning eða súld við Suður- og Vesturströndina, en hægari sunnanátt og bjartviðri norðaustan- og austanlands. Hiti 8 til 20 stig, hlýjast norðaustan til.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 14° |
| 9 | 10 | 10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 16° | 8° | 3° |
| 12 | 4 | 10 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 6° | 11° |
| 3 | 13 | 8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 14° | 13° | 6° |
| 1 | 6 | 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 3 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 3 | 4 | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 6 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 |
| 1 | 5 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 |
| 9 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 | 2 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 |
| 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 9 | 3 | 8 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. sverfa
5. þrá
6. íþróttafélag
8. flagð
10. tveir eins
11. poka
12. mylsna
13. tunnur
15. búinn
17. fjandi

**LÓÐRÉTT**
1. jurt
2. sót
3. atvikast
4. afhending
7. álitinn
9. ritlingur
12. þrábiðja
14. skjón
16. átt

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** raspa, **5.** ósk, **6.** fh, **8.** skessa, **10.** aa, **11.** mal, **12.** sáld, **13.** ámur, **15.** liðinn, **17.** satan.
**LÓÐRÉTT: 1.** rósakál, **2.** aska, **3.** ske, **4.** afsal, **7.** haldinn, **9.** smárit, **12.** suða, **14.** mis, **16.** na.

## Skák Gunnar Björnsson

Lorens átti leik Scholz á því herrans ári 1964.

**Svartur á leik**

**1...Rxd5+! 2. exd5 e4! 3. fxe4 f3! 4. gxf3 g2 0-1.**

Norway Chess-mótið hófst í Stafangri í gær. Magnus Carlsen og nánast allir sterkustu skákmenn heims meðal þátttakenda.

**www.skak.is:** Norway Chess.




## Ársfundur UNICEF

Ársfundur UNICEF á Íslandi verður haldinn á Þjóðminjasafni Íslands, **miðvikudaginn 13. júní, kl 10-11.**

Allir velkomnir.





Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM


2041
149.900 KR.
~~ÁÐUR: 276.600 KR.~~


2046
270.220 KR.
~~ÁÐUR: 408.900 KR.~~


6010
288.620 KR.
~~ÁÐUR: 431.900 KR.~~


114-1
355.820 KR.
~~ÁÐUR: 515.900 KR.~~


115
369.420 KR.
~~ÁÐUR: 532.900 KR.~~


113
297.420 KR.
~~ÁÐUR: 442.900 KR.~~


2021
304.620 KR.
~~ÁÐUR: 451.900 KR.~~


106
305.420 KR.
~~ÁÐUR: 452.900 KR.~~


104
329.420 KR.
~~ÁÐUR: 482.900 KR.~~


118
313.420 KR.
~~ÁÐUR: 462.900 KR.~~


129-3
385.420 KR.
~~ÁÐUR: 552.900 KR.~~

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU*

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Sinfóníuhljómsveit, einleikari og stjórnandi í banastuði

**TÓNLIST**
★★★★☆
Verk eftir Saariaho, Sibelius og Bartók.
**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Einleikari:** Alina Pogostkina
**Stjórnandi:** Daniel Blendulf

**Eldborg í Hörpu**
föstudaginn 25. maí

Það er einmanalegt að semja tónlist. Tónskáldið gerir það eitt síns liðs, kafar ofan í sál sína og útkoman er kóði nótnaskriftar sem hljóðfæraleikarar þurfa að umbreyta í lifandi tónlist. Sá viðburður á sér oftar en ekki stað löngu síðar, jafnvel eftir dauða tónskáldsins, eins og þegar Jón Leifs var annars vegar. Þetta ferli var finnska tónskáldinu Jean Sibelius erfitt, og ekki bætti úr skák að viðtökur tónlistar hans voru afar mismunandi eftir landsvæðum. Á sumum stöðum var hann hafinn upp til himna, en annars staðar kallaður andlaus skallapoppari. Þetta endurspeglaðist í sálarlífi hans, honum fannst hann ýmist vera í beinu sambandi við almættið, eða algerlega misheppnaður. Á endanum bugaði alkóhólisminn hann sem tónskáld og upp úr fimmtugu hætti hann að semja. Innblásturinn hvarf og kom aldrei aftur.

Þessar miklu andstæður í karakter Sibeliusar eru auðfundnar í tónlist hans, og frábært dæmi um það mátti heyra á tónleikum Sinfóníunnar á föstudagskvöldið. Fluttur var fiðlukonsertinn hans, sem er einn sá vinsælasti. Ástæðurnar fyrir því eru einstaklega safaríkar melódíur, kraftmikil dramatísk átök einleiksraddar og hljómsveitar.

Einleikari var Alina Pogostkina. Leikur hennar var fínlegur og draumkenndur þegar við átti, en slík augnablik voru tíð í tónlistinni. Inn á milli voru öflugri kaflar, en þeir einkenndust m.a. af hröðum tónahlaupum og þéttum tvígripum, sem voru óaðfinnanlega af hendi leyst. Útkoman var framúrskarandi, ekki síst fyrir það hve Sinfónían spilaði vel. Heildarhljómur einleiks og hljómsveitar var fókuseraður og skemmtilega margbrotinn, enda stjórnandinn, Daniel Blendulf, með allt á hreinu.

Aukalagið kom á óvart. Venjulega er það einleiksverk, án undirleiks. En konsertmeistari hljómsveitarinnar, Nicola Lolli, gekk fram og þau Pogostkina fluttu Duo eftir Béla Bartók af leiftrandi glæsimennsku.

Fleira góðgæti var á efnisskránni. Vetrarhiminn, Ciel d'hiver, eftir samlanda Sibeliusar, Kaiju Saariaho, var að vísu dálítið spúkí, en á góðan hátt. Saariaho er eitt þekktasta tónskáld vorra tíma, og tónverk hennar eru seiðandi. Hér lá ringulreið veikra, en þéttra og framandi hljóma til grundvallar, en yfir öllu saman hljómuðu skærar tónahendingar, eins og stjörnur á vetrarnóttu. Þetta var flott tónlist, og leikur Sinfóníunnar var fágaður; nostrað var við hvert smáatriði.

Konsert fyrir hljómsveit eftir Bartók var lokaverkið á efnisskránni. Konsert er yfirleitt fyrir einleikara og hljómsveit, en hér gegna mismunandi hljóðfærahópar einleikshlutverkinu. Þeir kasta því á milli sín, ef svo má að orði komast. Stemningin í tónlistinni er á tíðum nokkuð þurr og laglínurnar tormeltar. Síendurtekin stígandin er þó rafmögnuð og hápunktarnir yfirgengilegir, auk þess sem raddsetningin er litrík. Leikur hljómsveitarinnar var stórfenglegur, samtaka og kröftugur, og nánast brjálæðislegur í lokin, akkúrat eins og hann átti að vera.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Magnaður einleikur og hljómsveitarleikur; innblásin tónlist.



Alina Pogostkina lék fiðlukonsert Sibeliusar óaðfinnanlega ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á föstudagskvöldið. Fréttablaðið/Stefán




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 29. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Reynir Hauksson – Flamenco
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Reykholti
Flamenco-gítarleikarinn Reynir Hauksson heldur sex tónleika á jafnmörgum stöðum á Vestur- og Suðvesturlandi í sumar. Reynir býr í Granada á Spáni og starfar þar sem flamenco-gítarleikari. Það heyrir til tíðinda að flamenco-tónlist sé flutt á Íslandi, svo sjaldgæft er það. Reynir mun flytja þekkt flamenco-verk frá Andalúsíu í bland við eigin tónsmíðar.

**Hvað?** Týsdags Tæknó #7 á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Fram koma: Lord Pusswhip, Fufanu og dj Andri Björgvinsson.

**Hvað?** KexJazz – Kvartett Hauks Gröndal
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Í kvöld kemur fram kvartett saxófónleikarans Hauks Gröndal. Auk hans skipa hljómsveitina þeir Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Sigmar Þór Matthíasson á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. Þeir munu leika valin lög úr Amerísku söngbókinni. Aðgangur er ókeypis.


**Lord Pusswhip tekur lagið á Húrra í tilefni Týsdags tæknó.**

**Hvað?** KÍTÓN Klassík - Konur eru konum bestar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Iðnó
Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari hafa búið til efnisskrá með lögum íslenskra kventónskálda við ljóð íslenskra kvenljóðskálda. Tónlistin kemur víða við, allt frá gullfallegum náttúrulýsingum Jórunnar Viðar yfir í glænýja tónlist eftir eitt af okkar meira spennandi ungtónskáldum Sunnu Rán Wonder. Á tónleikunum verður einnig flutt verkið Hvolf eftir Önnu Þorvaldsdóttur, sem hún samdi fyrir tónlistarkonurnar árið 2010. Einnig verða flutt verk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, Þuríði Jónsdóttur, og Elínu Gunnlaugsdóttur.

### Viðburður

**Hvað?** Fyrirlestur með Michael Gandö
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Engjavegi
Fyrirlesturinn er á ensku og fjallar um hlutverk hugans í þjálfun. Fyrirlesturinn er ókeypis og opinn öllum, bæði iðkendum, þjálfurum og öðrum áhugasömum.

**Hvað?** K100 Retro bíó - Pretty Woman
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
K100 ásamt samstarfsaðilum býður í öðruvísi og spennandi kvikmyndaupplifun í Bíó Paradís. Pretty Woman er í uppáhaldi mjög margra ekki aðeins út af skemmtilegri sögu og flottum leikurum heldur líka frábærri tónlist. Fyrir sýningu verða samstarfsaðilar með kynningu og tilboð á vörum sínum og svo gæti glaðningur leynst undir einhverju sæti í salnum fyrir heppna hlustendur. Bíó Paradís er annað tveggja kvikmyndahúsa landsins þar sem áfengi er til sölu og eina kvikmyndahús landsins þar sem áfengi er leyft inni í salnum. Komdu með K100 að sjá Pretty Woman í Bíó Paradís.

### Sýning

**Hvað?** Kristján og Loji umpotta
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasal Mosfellsbæjar
Listamennirnir Kristján Ellert Arason og Loji Höskuldsson voru leiddir saman af Ragnheiði Maísól, framkvæmdastjóra Listar án landamæra, og úr varð sýning á 13 útsaumuðum pottablómum.










# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur



**TIMELESS**
KL. 20:10
Frábærir og öðruvísi spennuþættir um þríeyki sem ferðast aftur í tímann til þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar.


Þrælgott Þriðjudagskvöld
Fáðu þér áskrift á stod2.is




**BORN TO KILL**
KL. 20:55
Stórgóðir sakamálaþættir frá BBC sem fjalla um hinn unga Sam. Í fyrstu virðist hann eðlilegur 16 ára unglingur en í honum ólga andfélagslegar hvatir.




**BLINDSPOT**
KL. 21:45
Skemmtilegir og stórgóðir spennuþættir um hina eitursnjöllu Jane Doe og félaga hennar hjá FBI.




**WYATT CENAC´S PROBLEM AREAS**
KL. 22:30
Áhugaverður og ögrandi þáttur úr smiðju HBO í umsjón grínistans Wyatt Cenac sem á að baki langan feril sem handritahöfundur og ráðgjafi fyrir þætti eins og The Daily Show.




**SISTERS**
KL. 22:00
Stórskemmtileg bíómynd um systurnar Kate og Mauru og það er líklega óhætt að fullyrða að þær séu ekki alveg eins og fólk er flest.



**THE AMERICANS**
KL. 21:35
Skemmtilegir þættir um rússnesku njósnarana Phillip og Elizabeth sem sigla undir fölsku flaggi í Bandaríkjunum og njósna fyrir KGB á dögum kalda stríðsins.





Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is


### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Strákarnir
**07.50** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Landnemarnir
**11.15** Hið blómlega bú 3
**11.50** Grantchester
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**14.20** The X-Factor UK
**15.50** Fright Club
**16.35** Friends
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** The Goldbergs
**19.50** Great News
**20.15** Timeless Spennandi þættir um ólíklegt þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekkta glæpi sögunnar og þar með vernda fortíðina og breyta framtíðinni eða heimssögunni eins og við þekkjum hana.
**21.00** Born to Kill
**21.50** Blindspot
**22.35** Wyatt Cenac's Problem Areas Áhugaverður og ögrandi þáttur úr smiðju HBO í umsjón grínistans Wyatts Cenac sem á að baki langan feril sem handritahöfundur og ráðgjafi fyrir þætti eins og The Daily Show. Hér vekur hann athygli á vaxandi samfélagslegum og menningarlegum vandamálum í Bandaríkjunum á sinn beinskeytta og hárbeitta hátt.
**23.05** Grey's Anatomy
**23.50** The Detail
**01.20** High Maintenance
**01.45** Houdini
**03.10** Houdini
**04.35** The Other Side of the Door
**06.10** The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

**07.35** FH - Fylkir
**09.15** Pepsímörkin
**10.35** Fyrir Ísland
**11.15** Pepsímörk kvenna
**12.20** Úrslitaleikur kvenna: Wolfsburg - Lyon
**14.00** Marseille - Atlético Madrid
**15.40** FH - Fylkir
**17.20** Pepsímörkin
**18.40** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.05** Grindavík - Selfoss
**21.15** Fyrir Ísland
**21.55** Houston Rockets - Golden State Warriors
**23.50** UFC Now

### STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00** Liverpool - Brighton
**09.40** Formúla 1: Mónakó - Kappakstur
**12.00** Manchester United - Watford
**13.40** Messan
**15.10** Premier League Review
**16.05** Fulham - Aston Villa
**17.45** Pepsímörk kvenna
**18.45** Formúla 1: Mónakó - Tímataka
**20.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**20.25** Houston Rockets - Golden State Warriors
**22.20** Grindavík - Selfoss

### STÖÐ 3

**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** Man Seeking Woman
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** iZombie
**21.35** The Americans
**22.20** Supernatural
**23.05** Flash
**23.50** Krypton
**01.20** The Last Man on Earth
**01.45** Seinfeld
**02.10** Friends
**02.35** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Mamma Mu
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Grettir
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Mamma Mu
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Grettir
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Mamma Mu
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Grettir
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** Ísöld: Ævintýrið mikla

Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 11.24 og 15.24



### GOLFSTÖÐIN

**07.00** Fort Worth Invitational
**10.00** PGA Highlights
**10.55** Fort Worth Invitational
**13.55** LPGA Tour
**15.55** LPGA Tour
**17.55** PGA Highlights
**18.50** Golfing World
**19.40** BMW PGA Championship

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.20** Notting Hill
**13.20** Tumbledown
**15.00** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**16.35** Notting Hill
**18.40** Tumbledown Rómantísk gamanmynd frá 2015 sem fjallar um Hönnuh sem er að koma lífi sínu aftur á réttan kjöl eftir dauða eiginmanns síns, frægs tónlistarmanns og viðfangsefnis í nýjustu ævisögu hennar.
**20.25** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**22.00** Sisters Stórskemmtileg gamanmynd frá 2015 með Tinu Fey og Amy Poehler. Eins og nafnið bendir til segir hér af systrum, en þær heita Kate og Maura og er óhætt að fullyrða að þær séu ekki alveg eins og fólk er flest.
**00.00** Elizabeth
**02.05** The Voices
**03.50** Sisters

### RÚV

**11.00** Söguboltinn
**11.30** Basl er búskapur
**12.00** Veröld Ginu
**12.30** Bakvið tjöldin hjá breska Vogue - Seinni hluti
**13.25** Ýmsar hliðar húðflúrs
**13.55** Veiðin
**14.45** Heillandi heimur húsgagna
**15.15** Saga HM: Suður-Afríka 2010
**16.30** Menningin - samantekt
**16.55** Íslendingar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Söguboltinn
**18.25** Friðþjófur forvitni
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Golfið
**20.30** Leyndarmál Kísildalsins - Seinni hluti
**21.25** Ditte og Louise
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Í myrkri
**23.15** Grafin leyndarmál
**00.05** Kastljós
**00.20** Menningin
**00.25** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** The Good Place
**14.15** Jane the Virgin
**15.00** American Housewife
**15.25** Survivor
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Odd Mom Out
**20.10** Will & Grace
**20.30** Strúktúr
**21.00** For the People
**21.50** The Orville
**22.35** Shots Fired
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI Miami
**01.30** Fargo
**02.15** Chicago Med
**03.05** Bull
**03.50** American Crime
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# SPENNANDI VIÐBURÐIR FRAMUNDAN Í BÆJARBÍÓI

BÆJARBÍÓ



1. JÚNÍ **SYCAMORE TREE**



8. JÚNÍ **CCR HEIÐURSTÓNLEIKAR**




29. ÁGÚST **AGENT FRESCO**




30. ÁGÚST **BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** ÁSAMT HLJÓMSVEIT




31. ÁGÚST **BJARTMAR GUÐLAUGSSON** ÁSAMT HLJÓMSVEIT




1. SEPTEMBER **HJÁLMAR**




2. SEPTEMBER **BLÚSMENN ANDREU**

Hjarta Hafnarfjarðar
Tónlistar- og bæjarhátíðin
29. ágúst – 2. september

**MIÐASALA HEFST 8. JÚNÍ**

BÆJARBÍÓ MÆLIR MEÐ FYRIR TÓNLEIKA

MATHÚS BAR VON
s. 583 6000

Tilveran RESTAURANT
s.565 5250

KRYDD veitingahús
s.558 2222

ALLIR VIÐBURÐIR Í BÆJARBÍÓI ERU Á MIDI.IS

Gull · midi.is · HAFNARFJÖRÐUR · prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

# Hetjudáðir og hugrekki

Mamoudou Gassama heillaði heimsbyggðina með hetjudáð í París um helgina sem náðist á myndband. Fyrir hlaut hann orðu og ríkisborgararétt. Hér verður farið yfir nokkrar hversdagshetjur úr sögunni.



Witold Pileck var líklega sá eini sem fór sjálfviljugur í útrýmingarbúðirnar í Auschwitz.

**Sjálfviljugur í Auschwitz**
Witold Pilecki var í pólsku andspyrnuhreyfingunni í seinni heimsstyrjöldinni og tók á sig það erfiða verkefni að fara viljandi í útrýmingarbúðirnar Auschwitz til að afla upplýsinga um rétt eðli „fangabúðanna“. Frá honum bárust ómetanleg gögn um það sem gerðist þar. Hann náði að flýja úr Auschwitz eftir tveggja ára veru í útrýmingarbúðunum. Síðar tók rússenska leynilögreglan hann af lífi.



Anthony Omari hlaut myndarlegan skurð í andlitið eftir að hafa hrakið þrjá ræningja á brott.

**Bjargar munaðarleysingjum með hamri**
Anthony Omari komst í fréttirnar eftir að notandi vefsíðunnar Reddit sagði sögu hans þar. Anthony þessi rekur ásamt móður sinni munaðarleysingjahæli í Kenía þar sem 37 börn dvelja. Þetta heimili hafði margoft orðið fyrir árásum stigamanna sem Omari hafði þó alltaf tekist að hrekja í burtu. Einn daginn ákváðu glæpamennirnir að myrða Omari í hefndarskyni. Þrír menn réðust á hann vopnaðir sveðjum þar sem hann lá sofandi í rúmi sínu. Hann náði að hrekja þá í burtu með hamri, jafnvel þó að einn ræningjanna hafi náð að höggva stærðar skurð í andlitið á honum. Ben Hardwick nokkur var að vinna á svæðinu og það var hann sem deildi sögu Omari á Reddit og hóf í kjölfarið söfnun fyrir munaðarleysingjaheimilið. Söfnunin skilaði einum 65 þúsund dollurum eða um 7 milljónum íslenskra króna.



Mamoudou Gassama hefur verið kallaður Le Spiderman eftir ótrúlegt björgunarafrek sitt.



Irena Sendler lést árið 2008, þá orðin 98 ára.

**Bjargvættur barna í Póllandi**
Irena Sendler var hjúkrunarfræðingur í Póllandi þegar nasistarnir réðust inn í landið. Hún notaði stöðu sína sem hjúkrunarkona til að laumast inn í gettóin sem nasistar holuðu gyðingum landsins í með poka fulla af mat og lyfjum. Hún og samverkamenn hennar laumuðu svo út úr gettóunum börnum sem þau deyfðu og földu í kössum og pokum. Börnunum var síðan komið fyrir í munaðarleysingjahælum þar sem þau fengu ný nöfn en gömlu nöfnin faldi Irena í krukku sem hún gróf í garðinum sínum. Talið er að svona hafi hún og samverkamenn hennar náð að bjarga um 2.500 börnum frá hræðilegum örlögum. Irena slapp þó ekki alveg sjálf – hún var fangelsuð af nasistum og pyntuð. Eftir stríðið reyndi hún að koma sameina börnin og fjölskyldur þeirra, jafnvel þó að það væri nánast ómögulegt verk.

**Nasisti bjargar kínverjum**
John Rabe var þýskur kaupsýslumaður og nasisti sem var búsettur í kínversku borginni Nanjing árið 1937 þegar japanski herinn réðst inn í landið. Í kjölfarið fylgdu skipulögð fjöldamorð og nauðganir á um 200 til 300 þúsund kínverskum konum. John Rabe notaði stöðu sína sem meðlimur í nasistaflokknum til að opna griðasvæði fyrir flóttamenn og er talið að hans vegna hafi 200 til 250 þúsund kínverskir flóttamenn bjargast.



Í fyrra voru 80 ár síðan fjöldamorðið í Nanjing átti sér stað og var þess minnst víða.



Kjarnorkuverið í Fukushima fór illa út úr flóðunum í Japan árið 2011.

**Eldri sjálfboðaliðar taka á sig geislamengun**
Eftir slysið í Fukushima-kjarnorkuverinu þurfti að þrífa gífurlegt magn kjarnorkumengunar og í þeim störfum var oft ungt fólk sem komst þar með í snertingu við gríðarlega geislavirkni. Yasuteru Yamada, 72 ára verkfræðingi sem hættur var störfum, fannst þetta ekki góð tilhugsun og safnaði saman 400 manna hópi eldri borgara til að taka að sér þrifin í sjálfboðavinnu. Hans röksemdafærsla fyrir því var sú að eldri borgarar ættu mun færri ár eftir en unga fólkið og því ólíklegra að geislavirknin myndi valda krabbameini í þeim.

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# Ársfundur
## Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 30. maí nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins **og upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar** má nálgast á frjalsi.is.

Sjóðfélagar þurfa að framvísa skilríkjum með mynd við skráningu inn á fundinn.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

# PHILIPS TILBOÐ

## HM 2018 Á HEIMAVELLI




## 32" Philips sjónvarp fylgir völdum 65" og 75" sjónvörpum

**Ný og betri upplifun**
Nýtt og endurbætt viðmót með Android 6.0 stýrikerfi sem einfaldar sjónvarpsupplifunina.

**Þú missir ekki af boltanum**
Þriggja hliða Ambilight baklýsing eykur þægindi við áhorf og dregur úr álagi á augun með því að endurvarpa litadýrð á nærliggjandi veggi. Þannig dregur Amibilight athyglina á réttan stað og þú sekkur inn í leikinn. Glæsilegt DTS HD Premium Sound hljóðkerfi sér til þess að ekkert fari framhjá þér með djúpum bassa og kristaltærum hljómi. P5

Perfect Picture Engine ásamt HDR Plus myndvinnslu gera stóraukin myndgæði með bjartari litum og meiri dýpt. Aukin skerpa og mýkri hreyfingar svo þú missir aldrei af boltanum.

**Öll helstu nútímaþægindi**
Quad Core örgjörvinn tryggir hraða, snerpu og betri skemmtun. Stílhrein hönnun með þunnum ramma gerir tækin nútímalegri ásamt því að allir helstu tengimöguleikar eru til staðar. Völdum 65" og 75" Philips sjónvörpum fylgir nett 32" sjónvarp að verðmæti 39.995 kr. sem er tilvalið í eldhúsið, sumarbústaðinn eða barnaherbergið.




Philips 65PUS7303

**TILBOÐ**
**179.995**
FULLT VERÐ 219.995




Philips 65PUS7803

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ 259.995




Philips 65PUS8503

**TILBOÐ**
**279.995**
FULLT VERÐ 329.995




Philips 75PUS7803

**TILBOÐ**
**369.995**
FULLT VERÐ 419.995

PHILIPS

Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

midi.is

Vinsælir viðburðir framundan

Miðakaup á www.midi.is



CCR heiðurstónleikar
Bæjarbíó - 8. júní



Undankeppni HM 2019
Ísland - Slóvenía 11. júní



Sycamore Tree
Bæjarbíó 1. júní



Bjór og matur námskeið
Sæta Svínið - 30. ágúst - 22. nóvember



# Lifandi listaverk



Listamaðurinn **Daniel Lismore** opnar sýninguna Be Yourself, Everyone Else is Already Taken, í Hörpu á laugardaginn. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík.

„Sýningin snertir ýmsa fleti. Ég hef verið í öllu því sem er á sýningunni í Dúbai, Coachella-hátíðinni, Taipei og Suður-Frakklandi. Hvert sem ég fer er ég skúlptúr."

„Sýningin fer til Ítalíu og um Evrópu á næsta ári. Ég er að hanna fyrir óperu í Bretlandi sem verður sýnd í nóvember. Ég yfirgaf tískuheiminn því hann var ekki nógu gefandi."

Tímaritið Vogue kallaði hann eitt sinn „England's most outrageous dresser", en hann er þekktur fyrir íburðarmikinn og yfirgengilegan klæðnað.

„Ég vissi ekki mikið um Ísland fyrr en Oliver Luckett, góður vinur minn, kynnti mig fyrir landi og þjóð fyrir rúmum fimm árum og ég hef vanið komur mínar hingað síðan," segir hann.

„Ég elska Ísland, náttúruna, menninguna og ég elska Björk. Drottningu alls þess sem er áhugavert," segir Daniel sem kom hingað fyrst fyrir fimm árum.

Góðvinir hans eru meðal annars leikarinn og þáttastjórnandinn Stephen Fry og söngkonan Debbie Harry, Boy George og sjálf Vivienne Westwood.

„Gestir geta búist við öllu og engu. Ég vona að fólk upplifi eitthvað. Staðreyndin er að geti ég lifað lífi mínu svona sýnir það að allt er hægt ef fólk leggur mikið á sig."

Sýningin var fyrst sýnd í samvinnu við SCAD á SCAD FASH Museum of Fashion + Film í Atlanta árið 2016. Á sýningunni býðst gestum kostur á að sökkva sér ofan í heim Daniels Lismore – að lifa sem list.

Klæðnaðurinn sameinar hátísku, hans eigin hönnun, notuð efni, fundna hluti, hringabrynjur, skartgripi ólíkra menningarhópa, hattagerðarlist og margt meira.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# Yfirtökutilboð til hluthafa HB Granda hf.

## Brim hf. gerir hluthöfum HB Granda hf. tilboð um kaup á hlutum þeirra í félaginu

Þann 4. maí 2018 var undirritaður kaupsamningur á milli Vogunar hf. og Fiskveiðihlutafélagsins Venusar hf. og Brims hf. („Brim“) um kaup Brims á öllu hlutafé félaganna í HB Granda hf. („HB Grandi“). Um var að ræða 619.721.067 hluti sem samsvara 34,01% af heildarhlutafé HB Granda. Fyrir áttu aðilar tengdir Brimi, þ.e. Guðmundur Kristjánsson sem er stærsti hluthafi félagsins, og félagið Fiskitangi ehf. sem er í eigu Guðmundar, 1.644.797 hluti í HB Granda. Eftir viðskiptin er sameiginlegur eignarhlutur þessara aðila 621.365.864 hlutur, sem samsvarar 34,1% af heildarhlutafé HB Granda. Kaupin ásamt eignarhaldi Brims og tengdra aðila á fyrrgreindum 1.644.797 hlutum í HB Granda gerir það að verkum að skylt er að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð, þ.e. bjóðast til að kaupa hluti þeirra í HB Granda í samræmi við 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti („vvl.“) nánar tiltekið X. og XI. kafla laganna. Brim, sem er íslenskt hlutafélag, gerir yfirtökutilboð byggt á skilmálum og skilyrðum sem sett eru fram í opinberu tilboðsyfirliti sem dagsett er 1. júní 2018 („tilboðsyfirlitið“).

### Tilboðshafar

Tilboðið nær til allra hluta í HB Granda sem ekki eru í eigu tilboðsgjafa eða aðila tengdum honum eða félagsins sjálfs þann 30. maí 2018. Hluthöfum sem skráðir eru í hlutaskrá HB Granda í upphafi dags 30. maí 2018 mun verða sent tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublað og svarumslag. Tilboðið nær ekki til þeirra hluthafa í HB Granda sem skráðir eru í hlutaskrá HB Granda eftir 30. maí 2018. Framangreind skjöl verða einnig aðgengileg hjá Íslandsbanka hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi („Íslandsbanka“) og hægt er að nálgast tilboðsyfirlitið á heimasíðu Íslandsbanka, www.islandsbanki.is.

### Umsjónaraðili

Íslandsbanki hefur verið ráðinn umsjónaraðili með yfirtökutilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafa. Nánari upplýsingar veitir fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í síma 440 4000.

### Tilboðsverð og greiðsla

Tilboðsverðið er 34,3 krónur fyrir hvern hlut í HB Granda, kvaða- og veðbandalausan. Tilboðsverðið svarar til kr. 35 á hlut fyrir arðgreiðslu upp á 0,7 krónur á hlut sem svarar til hæsta verðs sem Brim og samstarfsaðilar hafa greitt fyrir hluti í HB Granda síðustu sex mánuði áður en tilboð þetta er sett fram. Greiðslur fyrir hluti þeirra sem tilboðið samþykkja verða greiddar í íslenskum krónum inn á bankareikning viðkomandi hluthafa sem tilgreindur er á samþykkiseyðublaðinu. Greiðslan verður innt af hendi eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að gildistími yfirtökutilboðsins rennur út.

### Tilboðstímabil

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 09.00 þann 1. júní 2018 til kl. 17.00 þann 29. júní 2018. Frumrit samþykkis yfirtökutilboðsins verður að hafa borist Íslandsbanka eigi síðar en kl. 17.00 þann 29. júní 2018. Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að samþykkiseyðublaðið hafi borist umsjónaraðila. Tilboðsgjafi áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublöð sem berast eftir að gildistími tilboðsins rennur út verði tekin gild. Framlengja má yfirtökutilboðið að því marki sem ákvæði vvl. leyfa.

### Afskráning ekki fyrirhuguð af skipulegum verðbréfamarkaði

Tilboðsgjafi hefur ekki uppi áætlanir um að afskrá HB Granda af skipulegum verðbréfamarkaði. Stórir hluthafar hafa samþykkt að vera áfram hluthafar í félaginu og munu ekki taka yfirtökutilboðinu. Það er styrkur fyrir HB Granda að vera skráð á skipulegum verðbréfamarkaði þannig að það hafi fjárhagslegan styrk til að vaxa og dafna enn frekar með kaupum á félögum í skyldri starfsemi, efla markaðs- og þróunarstarf sem mun auka arðsemi félagsins og þar með verðmæti hluthafa félagsins til lengri tíma.

**Reykjavík, 28. maí 2018**
**Brim hf.**

BRIM

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja


ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Hauks Arnar Birgissonar




# Borgar línan sig?

Af nýafstöðnum borgarstjórnarkosningum er það einna helst að frétta að núverandi meirihluti er fallinn. Þá þarf víst að mynda nýjan. Af þeim sökum keppist forystufólk flokkanna við að færa rök fyrir því hvers vegna þeirra flokkur eigi að tilheyra nýjum meirihluta og stýra skútunni næstu fjögur árin. Alls konar málefni eiga þar að ráða för. Furðulegustu rökin finnst mér koma frá þeim sem telja að mynda eigi meirihluta, byggðan upp á þeim flokkum sem deila sýn á svokallaða Borgarlínu. Þessu fólki getur ekki verið alvara.

Tillagan um Borgarlínuna er ekki einu sinni komin á teikniborðið, hún er enn á hugmyndastigi. Þar fyrir utan krefst hún samstarfs allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í því samhengi er rétt að benda á að til þessa hefur ekki eitt einasta sveitarfélag gert ráð fyrir svo miklu sem einni krónu í verkefnið og ekki er gert ráð fyrir verkefninu í fimm ára fjármálaáætlun ríkisins (sem á að greiða helming alls kostnaðar). Það eru því nánast engar líkur á því að þetta verði að veruleika á næsta kjörtímabili og því fráleitt að mynda borgarstjórn utan um hugmyndina. Önnur verkefni hljóta að skipta meira máli.

Þótt vinstriflokkarnir Samfylking og Vinstri grænir hafi tapað miklu fylgi í kosningunum þá fengu raunverulegir félagshyggjuflokkar töluvert fylgi. Flokkur fólksins og Sósíalistaflokkurinn settu málefni þeirra verst settu á oddinn og hlutu hljómgrunn. Flokkarnir gætu því verið í lykilstöðu þegar kemur að myndun nýs meirihluta í borginni. Það er erfitt að ímynda sér að þessir flokkar ætli sér virkilega að verja 70 milljörðum króna (sem mun alltaf enda sem töluvert hærri fjárhæð) í strætóleið um höfuðborgarsvæðið. Ætli kjósendur þeirra myndu ekki kalla það einkennilega forgangsröðun.






